

**FORNLEIFARANNSÓKNIR Á  
DEILISKIPULAGSSVÆÐI Í LEIRVOGSTUNGU,  
MOSFELLSBÆ.**


**FRAMVINDUSKÝRSLA III**



**Lilja Björk Pálsdóttir og Oddgeir Hansson**  
*ásamt Guðrúnu Öldu Gísladóttur*



**FS368-06353**  
**Reykjavík 2008**



**Forsíðumyndin:**

Þverskurðarmynd af gólflögum  
[287]

© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík

Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: fsi@instarch.is

## Efni

|                                               |    |
|-----------------------------------------------|----|
| Inngangur-eftir Oddgeir Hansson.....          | 5  |
| Svæði 2b- eftir Oddgeir Hansson .....         | 13 |
| Svæði 3b- eftir Oddgeir Hansson .....         | 44 |
| Svæði 2a – eftir Lilju Björk Pálsdóttur ..... | 47 |
| Fundir - Eftir Guðrúnu Öldu Gísladóttur ..... | 70 |
| Samantekt- Lilja Björk Pálsdóttir.....        | 78 |



# Inngangur-eftir Oddgeir Hansson

## ***Yfirlit fyrri rannsókna og helstu niðurstöður***


Fornleifarannsóknir vegna íbúðabyggingarinnar sem nú er óðum að rísa í Leirvogstungu, Mosfellsbæ, hafa nú staðið yfir með hléum síðan sumarið 2006, eða frá því fornleifaskráning fór fram í júlí það ár.<sup>1</sup> Eftir að hafa farið yfir niðurstöður skráningarinnar, var það mat Fornleifaverndar ríkisins (hér eftir nefnd FVR) að grafa þyrfti könnunarskurði á völdum stöðum í heimatúninu og var það gert í ágúst sama ár. Mannvirkjaleifar fundust í þremur skurðum af 11 (SK1-11), nánar tiltekið á sjálfum bæjarhólnum (SK3) og á tveimur stöðum í túninu austur af bænum. Strax þá um haustið var ráðist í fullnaðaruppgröft á tveim síðastnefndu stöðunum (svæði A og B) og reyndust mannvirkjaleifarnar sem þar höfðu fundist vera eftir tvær niðurgrafnar hlöður frá lokum 19. eða upphafi 20. aldar.<sup>2</sup>



**Mynd 1: Hlöðutóft frá 19. öld á Svæði A, sem grafin var upp í október 2006. Horft til suðurs**

<sup>1</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2006). *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ* (FS321-06231)

<sup>2</sup> Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.*(Framvinduskýrsla I.) (FS333-06351)



Bæjarhólar eru þess eðlis að þeir eru að miklum hluta byggðir upp af byggingarleifum og öðrum mannvistarlögum sem hlaðist hafa upp á langri búsetu. Bæjum á Íslandi hefur gjarnan hafa verið valinn staður á náttúrulegum hæðum eða hólum, og hafa bæjarstæði haft tilhneigingu til að haldast nokkurn veginn óbreytt, fyrir utan smávegis tilfærslur og hefur upphleðsla mannvistarlaga því verið umtalsverð á litlu svæði. Samkvæmt deiliskipulagi í Leirvogstungu er fyrirhugað að leggja veg frá norðri til suðurs yfir bæjarhólinn (Svæði C) skammt vestur frá elsta íbúðarhúsinu í Leirvogstungu (Leirvogstungu 3) auk byggingarlóða meðfram því. Það var því mikilvægt að skilgreina umfang mannvistarlaga á bæjarhólnum áður en hægt væri að hefja framkvæmdir á svæðinu og ákveða til hvaða aðgerða yrði gripið vegna minja sem kynnu að lenda í uppnámi vegna þeirra. Mannvirkjaleifarnar sem fundust í skurði SK3 í ágúst 2006 voru ekki taldar gefa nægilega vissu um umfang minjasvæðisins á bæjarhólnum þótt vissulega gæfu þær góða vísbendingu



um hvar það væri að finna. FVR ákvað því að bíða með frekari umsögn um bæjarhólinn þar til búið væri að rífa niðurgrafið fjós frá síðari hluta 20. aldar sem stóð skammt norðvestur af Leirvogstunga 3, en talið var að snið í grunninum undan fjósinu gætu gefið skýrari mynd af umfangi mannvistarleifa á bæjarstæðinu<sup>3</sup>. Ráðist var í að rífa fjósið í október 2007 undir eftirliti fornleifafræðinga frá Fornleifastofnun Íslands og var ætlunin að skoða snið og botn húsgrunnsins í sama tækifæri. Þessar áætlanir brugðust þó þar sem bleyta á svæðinu olli því að illgerlegt var að koma vörubílum að grunninum til þess að fjarlægja leifar fjóssins. Áætlanir verktaka í Leirvogstungu knúðu á um að sem fyrst væri skorið úr um umfang minja innan vegstæðisins norðan við fjósið, og því var brugðið á það ráð að grafa skurð (SK12) í ruðninginn meðfram norðurbrún húsgrunnsins svo a.m.k væri hægt að skoða norðursniðið og botn hans að hluta. Yfirborðsjarðvegur í sniðinu var nokkuð þykkur en undir honum voru svo syrrpur blandaðra mannvistarlaga, einkum úr torfi, en einnig var um að ræða slettur af mó og viðarösku, auk viðarkola. Einnig sáust tvö veggjarbrot og slitrur af gólflögum fremur vestarlega. Virtust mannvistarlög þau sem sáust í sniðinu hvað þynnst austast en fóru þykkandi eftir því sem vestar dró og fylgja legu landsins, en því hallar mjög til vesturs og suðurs á þessum slóðum. Til marks um þennan mun þá var þykkt mannvistarlaga um 0,80 m niður á óhreyfðan jarðveg sem sást í sniðinu vestast í skurðinum, en austast sást ekki í óhreyfðan jarðveg og var þykkt mannvistarlaga niður á botn skurðarins um 1,5 m. Það benti því flest til þess að meginminjasvæðið væri vestast á svæðinu. Svipaða sögu er að segja af botni skurðarins, en engar mannvistarleifar var að sjá í austast í honum en í vesturendanum var hins vegar komið niður á miklar veggjarleifar sem greinilega lágu undir leifar fjóssins.<sup>4</sup>



**Mynd 3: Horft austur eftir SK12. Veggjarleifarnar í botni hans eru í forgrunni**

<sup>3</sup> Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ*.(Framvinduskýrsla I.) (FS333-06351)

<sup>4</sup> Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ*.(Framvinduskýrsla II.) (FS350-06352)

Í ljósi þeirra niðurstaðna sem fengust úr norðursniði húsgrunnsins taldi fulltrúi FVR að næsta skref væri að vélgrafa yfirborðsjarðveg af hinu fyrirhugaða vegstæði norðan hans, undir



**Mynd 4. Unnið að hreinsun á svæðinu norðan við grunn fjóssins.**

eftirliti fornleifafræðinga, og var það gert í apríl 2007. Eftir að vélgræftri var lokið og svæðið hafði verið hreinsað varð strax ljóst að þar var mikið af mannvistarlögum auk þess sem hér og þar sást glitta í veggjarbrot úr torfi og grjóti. Taldi FVR ekki hjá því komist að láta fara fram fullnaðaruppgröft á svæðinu. Hvað varðar svæðið sunnan við könnunarskurð SK12 þá var ekki talið hægt að segja til um umfang minja þar fyrr enn búið væri að fjarlægja leifar fjóssins úr grunninum.<sup>5</sup>


---

<sup>5</sup> Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.*(Framvinduskýrsla II.) (FS350-06352)



## Rannsóknir í Leirvogstungu sumarið og haustið 2007

Rannsóknir hófust aftur í Leirvogstungu þar sem frá var horfið 16. júlí 2007 og stóðu þær yfir fram í lok nóvember. Alls komu 23. fornleifafræðingar af ýmsu þjóðerni að verkinu en að jafnaði voru um 10 manns að störfum á svæðinu. Verkstjórn á staðnum var í höndum skýrsluhöfunda, en verkefnisstjórar voru Howell Magnús Roberts og Garðar Guðmundsson.



### Rannsóknarsvæðið

Til þess að gæta samræmis við fyrri rannsóknir var rannsóknarsvæðið á bæjarhólnum nefnt Svæði C. Fyrir lá að gera þyrfti fullnaðaruppgröft á hluta bæjarhólsins en einnig ákvað FVR að vélgrafa skyldi yfirborðslög af öðrum hlutum svæðisins með það fyrir augum að varpa ljósi á umfang þeirra mannvistarlaga sem bæjarhóllin hefði að geyma. Eins og mynd 4 hér að framan sýnir, skiptist Svæði C í nokkra hluta. Svæði 2a var sá hluti hins fyrirhugaða vegstæðis sem FVR hafði þegar ákveðið að grafa þyrfti til fullnustu og hófust þær rannsóknir þegar í stað þann 16. júlí. Samkvæmt fyrirmælum FVR fór á sama tíma fram vélgröftur undir eftirliti á svæðum 1a, 1b, 2b, 3a, og 3b, en einnig voru leifar gamla fjóssins fjarlægðar. Svæði 4 sem fara á undir íbúðarhús og lóð var hins vegar sett í bið þar sem þær minjar sem sáust í

SK3 og SK12 (sjá hér að framan) þóttu benda til þess að mannvistarlög væru hvað þykkust vestast á bæjarhólnum og þar af leiðandi var talið líklegt að meginkjarni minjasvæðisins lægi á svæði 4. Átti uppgröftur á svæði 2a eftir að staðfesta að sú tilgáta var á rökum reist.

Vélgröftur leiddi í ljós þykk mannvistarlög á svæðum 2b og 3b en svæði 3a virtist vera alveg laust við fornleifar. Greinilegar byggingaleifar sáust á svæði 2b sem reyndar teygðu sig yfir á svæði 3b. Var um að ræða framhald á þeim byggingaleifum sem sést höfðu í skurði SK12 (sjá hér að framan) en einnig sáust mannvirkjaleifar sunnan við grunn gamla fjóssins það var mat FVR að fara þyrfti fram fullnaðaruppgröftur á þessum mannvirkjaleifum og vegna þeirrar áherslu sem lögð var á að klára vegstæðið sem fyrst, hófust þær rannsóknir strax eftir að vélgræftri lauk. Uppgröftur á svæðum 2a og 2b leiddi fljótlega í ljós að mannvistarlög og mannvirki virtust ná út fyrir vegstæðið. Því ákvað FVR að þessar leifar skyldu grafnar til fullnustu. Var það gert til að forðast að slíta minjasvæðið, sem þegar var talsvert raskað af yngri mannvirkjum, um of í sundur og stækkaði því uppgræftarsvæðið nokkuð til austurs (svæði 1a og 1b) sem og til vesturs inn á svæði 4. Þær áætlanir breyttust þó aftur þegar leið á uppgröftinn þegar dýpt mannvistarlaga vestast á svæðinu var orðin ljós. Í viðleitni til þess að setta sjónarmið minjaverndar og framkvæmda, ákvað FVR því að aftur skildi fylgt upphaflegum uppgræftarmörkum, eða mörkum hins fyrirhugaða vegstæðis og byggingar og mannvistarlög skyldu skorin við þá línu.



Ef undan eru skildar þær byggingaleifar sem tengdu svæði 2b og 3b virtust mannvistarlög á svæði 3b að mestu samanstanda af þykkum lögum af móösku, sem benti til þess að um væri að ræða öskuhaug frá bænum. Taldi FVR ekki ólíklegt að hægt yrði að vélgrafa mestan hluta svæðisins, en þó að undangengnum greftri könnunarskurðar í gegnum það. Var það gert samhliða uppgræftri á svæðum 2a og 2b.

Vegna þeirrar stækkunar sem varð á uppgræftarsvæðinu, sem og vegna slæmra veðurskilyrða, tókst ekki að ljúka uppgræftri á svæðum 2a og 2b þá um haustið eins markmiðið hafði verið og munu rannsóknir hefjast aftur þar sem frá var horfið um vorið 2008.

## Aðferðir

Aðferðafræði sú, sem Fornleifastofnun Íslands beitir, byggir á svokölluðu Einingakerfi (e. Single context recording). Samkvæmt því er hugsað um hvert jarðlag eða mannvirki, sem einstakan atburð í uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Er markmiðið að gera þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir aldursröð jarðlaga sem og það samhengi sem er á milli einstakra mannvirkja eða byggingarstiga. Hver eining (þ.e jarðlag eða mannvirki) er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Leirvogstungu á svæðum A, B og C. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem varðveitir uppröðun þeirra í tímaröð, sem og annað samhengi þeirra á milli.

Hópur 007



**Mynd 6: Einfölduð mynd af rúst með jarðlögum undir og yfir henni. Fyrir neðan hana er svo flæðirit sem sýnir samhengi á milli þeirra.**

Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, til dæmis þær sem taldar eru tilheyra ákveðinni byggingu, byggingarstig eða tímabili, gjarnan settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og

einingarnar sjálfar (sjá Mynd xxx hér ofar). Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er síðan vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Umhverfisfornleifafræðilegar upplýsingar, eru meðal þeirra gagna sem safnað er í fornleifauppgreftri. Efnasamsetning gólflaga, magn og tegund skordýraleifa sem þar kunna að leynast o.fl. geta oft veitt mikilvægar upplýsingar um hlutverk mismunandi bygginga, og því er talsverðu magni jarðvegssýna gjarnan safnað við fornleifauppgroft og á það ekki síst við þegar um er að ræða flókin uppgröft eins og á bæjarhólum. Magn jarðvegssýna sem tekið er úr hverju lagi getur verið mismunandi, allt eftir stærð þess og þykkt, og fær hvert sýni númer í hlaupandi númeraröð, með viðhangandi einingarnúmeri þess jarðlags sem það er tekið úr.

Gripir eru sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur og hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og jarðvegssýnin. Allur gangur er á því hvort gripir finnast á sýnum stað, þ.e. þar sem vitað er úr hvaða jarðlögum þeir koma, eða hvort þeir finnast við hreinsun. Þar sem örugg vissa er talin vera um jarðlög sem gripir koma úr, eru einingarnúmer hengd við griparnúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.

## Svæði 2b- eftir Oddgeir Hansson

Eftir að leifar gamla fjóssins höfðu verið fjarlægðar úr grunni þess (eining [1193]) og vélgrefti og hreinsun var lokið, á þeim hluta vegstæðisins sem er sunnan við hann, mátti sjá greinileg mannvistarlög og veggjarleifar úr torfi og grjóti. Bar svæðið greinileg merki þess af því að vera hluti af bæjarhól, þar sem jarðvegur samanstóð að miklum hluta af ýmsum




**Mynd 7 horft til vesturs yfir svæði 2b. Húsgrunnur [1193] er lengst til hægri á myndinni en skólplögnin [274] er rétt hægra megin við miðju.**

úrgangi sem fylgir búsetu , eins og mó-og viðarösku, viðarkolum og torfi, í bland við vindblásið efni.

Strax var ljóst að svæðið var illa raskað. Greinilegt var að jarðvegi á bæjarhólnum hafði verið ýtt talsvert til og þar með verið sneitt ofan af yngstu minjunum, auk þess sem svæðið var sundurskorið af yngri mannvirkjum. Áðurnefndur húsgrunnur [1193] og grjótfylltur sökkull syðst í honum sem báðir lágu austur-vestur, skáru svæði 2b alveg frá svæði 2a og benti ýmislegt til þess að einhver mannvirki hafi horfið þegar húsgrunnurinn var grafinn. Um 1,7 m sunnar var svo tæplega 1,5 m breiður skurður (eining[274]) sem einnig lá austur-vestur, og voru í honum drenlög og skólplögn frá gamla íbúðarhúsinu í Leirvogstungu 3 sem lágu í rotpró vestast á svæðinu. Einnig höfðu þessar lagnir nýst fjósinu sem stóð í húsgrunni [1193]. Skammt vestur frá eystri mörkum veglínunnar (sjá að framan) var svo skurður með gamalli vatnslögn frá fjósinu sem skar svæðið frá norðnorðaustri til



suðsuðvesturs. Þessi skurður var í tveimur hlutum þar sem hann var skorinn af lagnaskurði [274]. Hafði sá hluti (eining [262]) sem var sunnan við lagnaskurð [274] stefnuna norðnorðaustur-suðsuðvestur en norðan við [274] beygði hann í 90° til austurs og hafði stefnuna austur-vestur á kafla en endaði svo í 90°horni til norðurs (eining [246]). Ekki var nokkur vafi á að þetta væri sami skurðurinn, því að hann innihélt ennþá vatnslagnir beggja vegna sem greinilega höfðu tengst áður en lagnaskurður [274] hafði verið grafinn. Um 1,6 m



norður af suðvesturenda lagnaskurðar[246]/[262] var svo annar skurður [1530] sem lá austur-vestur með gamalli vatnslögn sem tengdist þeirri í lagnaskurði [246]/[262]. Afmarkaði [1530] uppgriftarsvæðið að sunnaverðu, þar sem vélgröftur leiddi í ljós að sunnan við hann virtust mannvistarlög vera að mestu horfin. Það má því segja að 2b skiptist í þrennt. Svæði austan við lagnaskurð 246/[262] og sunnan við lagnaskurð [274]; svæði vestan við lagnaskurð [246]/[262] og sunnan við lagnaskurð [274] og um 1,7 m breiða ræmu á milli lagnaskurðar [274] og húsgrunns [1193] (sjá mynd 7 hér að framan)

Vegna þeirrar röskunar sem orðið hafði á svæðinu má segja að ástand þeirra minja, sem sáust eftir að yfirborðslög höfðu verið fjarlægð, hafi verið afar slæmt, svo vægt sé til orða tekið. Á svæðinu vestan við lagnaskurð [246]/[262] og sunnan við [274] mátti sjá talsvert af

litríkum torflögum, sem sum voru mikið rótuð og blönduð öðru efni, sem og blönduð úrgangslög úr móösku viðarösku og viðarkolum. Hér og þar sást einnig glitta í grjót, en ekki var þó fyrst í stað hægt að greina skýrar veggjaleifar.

Minjar þær sem sást fyrst á svæðinu á milli lagnaskurðar [274] og húsgrunns [1193] voru aðeins betur farnar, að því leyti að ekki hafði verið sneitt eins mikið ofan af þeim og því mátti greina þar öllu skýrari veggjarbrot úr torfi og grjóti í bland við mikið rótuð torf- og móöskulög. Þessar minjar voru þó að öðru leyti einnig illa raskaðar, enda skornar á tvo vegu og þar að auki á belti sem mest náði um 1,7m breidd. Því var talsvert erfitt að greina á milli einstakra bygginga eða byggingarstiga. Ekki var heldur með góðu móti hægt að tengja saman minjarnar norðan og sunnan við lagnaskurð [274], en þó áttu þær það sameiginlegt að torfið var ærið svipað að útliti og var í báðum tilmikið af svartri gjósku í því sem gjóskulagafræðingur taldi vera úr Kötlugosi frá því um 1500 e.Kr. (K~1500). Einnig mátti sjá gjóskuna á sínum stað, þ.e óhreyfða, í suðursniði húsgrunns [1193] og var greinilegt að hún lá undir þessum minjum. Það fór því ekki á milli mála að minjarnar sem sást fyrst beggja vegna skurðar [274] voru yngri en K~1500 og fékkst svo enn frekari staðfesting á því þegar þær höfðu verið grafnar burt og komið var niður á K~1500 á sínum stað. Þau líkindi sem voru á milli minjanna norðan og sunnan við [274], sem og að þær voru allar yngri en K~1500 bentu til þess að þær væru frá svipuðum tíma þótt að sjálfsögðu væri ekki hægt að sjá raunveruleg tengsl þeirra á milli. Miðaðist nálgun við uppgröft á þeim við þetta, sem og úrvinnsla, og voru þær láttnar flokkaðar einn hópur sem fékk númerið [305]. .

Þegar þeim mannvistarleifum sem tilheyrðu hóp [305] sleppti fór að koma öllu skýrari mynd á fornleifar á svæði 2b. Í ljós komu leifar veggja úr torfi og grjóti beggja vegna lagnaskurðar [274]. Þótt þessar leifar væru aðskildar af skurðinum virtust þær greinilega vera úr einni byggingu sem lá í austur og vestur. Þótt ekki hafi sést raunverulegt samhengi þar á milli þá virtist sem þessi bygging hafi verið tengd byggingaleifum þeim sem sást í botni húsgrunns [1193] (sjá umfjöllun að framan). Mátti sjá slitrur af dökkgrárrí gjósku í torfinu, miðaldalaginu (R-9) svokallaða, sem talið er vera komið úr eldstöð á Reykjanesi og hafa fallið um 1226 e.Kr. Þar eð Miðaldalagið var í torfi og það byggingin undir K~1500 má álykta benti til að hún hafi verið byggð eftir 1226 e.Kr. og fyrir 1500 e.Kr. Falla mannvistarlög sem tilheyrðu þessari byggingu undir hóp [461]

Lítið var um mannvirki á þeim hluta svæðisins sem var austan við lagnaskurð [262]. Fundust einungis nokkrar stoðarholur, einn grjótfulltur skurður, eins konar drenlög, og ein óregluleg gryfja, en að öðru leyti samanstóðu mannvistarlög á þessu svæði af blöndu af

vindblásnum jarðvegi, torfsneplum, móösku og viðarkolum. Voru þessar minjar látnar falla undir hóp [1668]

### **Hópur [305]**

Hópur [305] náði, eins og fram hefur komið, yfir minjar á svæði 2b sem voru yngri en K~1500 -gjóskan. Vegna þeirrar röskunar sem orðið hafði á svæðinu vegna lagnaskurðar [274], húsgrunns [1193], og sléttunar, voru minjar þær sem sást glitta í eftir að yfirborðsjarðvegur hafði verið fjarlægður, ærið illa farnar. Var um að ræða veggjarbrot og fleiri mannvirkjaleifar sem illgerlegt var að tengja saman, en þó áttu þau það sameiginlegt að vera öll yngri en Kötlugjóskan frá því um 1500 e.Kr., auk þess sem torfleurar beggja vegna skurðarins voru talsvert líkar í útliti. Þessi líkindi á milli mannvirkjaleifanna norðan og sunnan við lagnaskurð [274] þóttu benda til þess að um væri að ræða minjar frá svipuðum tíma og því voru þær látnar falla undir eitt hóp, eða hóp [305]. Hópur [305] skiptist svo meginráttum í tvo í undirhópa. Hóp [322] sem náði yfir minjar norðan við lagnaskurð [274] og hóp [1663] fyrir minjar sunnan við [274].


Í eftirfarandi umfjöllun um hóp [322] og [1663] verður lögð áhersla á að draga fram þær mannvirkjaleifar sem grafnar voru upp en minna þúðri eytt í að lýsa þeim fjölda áfoks-, hrun-, og úrgangslaga sem huldu þau og skildu á milli þeirra.

### **Hópur [322]**

#### **Lýsing**


Strax að loknum vélgrefti á svæði 2b, eftir að svæðið hafði verið hreinsað, sást glitta í greinilegar veggjarleifar úr torfi og grjóti, beggja vegna lagnaskurðar [274], sem þó voru mikið raskaðar og huldar mikið blönduðum úrgangslögum, sem og torf- og grjóthrúslögum. Þær minjar sem voru á milli lagnaskurðar [274] og húsgrunns [1193], og falla undir hóp [322] voru þó í öllu skárri ástandi, að því leyti að ekki virtist hafa orðið eins mikil röskun ofanfrá, eins og að sunnan við lagnaskurð [274] þar sem greinilega hafði verið ýtt ofan af minjunum. Voru veggjarleifar þær sem fyrst sást norðan við lagnaskurð [274] og falla undir hóp [322] talsvert stæðilegri en þær sem sást sunnan við lagnaskurð [274], jafnvel þótt þær væru skornar á tvo vegu og stæðu á ræmu sem náði mest um 1,7 m breidd. Er ekki ólíklegt, eins undarlega og það kann að hljóma, að þessar veggjarleifar hafi notið nokkurrar verndar frá lagnaskurði [274] og húsgrunni [1193]. Um var að ræða tvö veggjarbrot úr torfi og grjóti sem bæði stefndu nokkurn veginn austur-vestur. Engin augljós tenging var á milli þeirra og var

annað veggjarbrotið (einingar [275] og [304]) nokkurn veginn inni á miðju vegstæðinu sem liggja á um bæjarhólinn, en hitt (einingar [579] og [591]) var um 3 m austar og náði það út fyrir vegstæðið. Á þessu bili er dálítið útskot á lagnaskurði [274] og hefur það skorið af báðum veggjum en þó náði það ekki sömu dýpt og meginsturðurinn.



Mynd 9: Teikning af veggjarbrotum [275]/[304] og [579]/[591]

Veggjarbrot [275]/[304] var tæpir 3 m að lengd og tæplega 0,80 m að breidd og beygði vesturendi grjóthleðslna þess nánast í 90° til norðurs. Grjóthleðslur vantaði í austurenda veggjarins en torfhleðslur hans virtust beygja þar í nánast 90° til suðurs. Veggjarbrot [579]/[591] var rétt rúmir 2 m að lengd og um 0,4 m að breidd. Náði vesturendi þess um 0,2 m inn fyrir austurmörk hins fyrirhugaða vegstæðis. Torfhleðslur eystra veggjarbrotsins (eining [591]) voru sunnan við grjóthleðslurnar (eining [579]), en torfhleðslur vestara veggjarbrotsins (eining [304]) voru norðan við grjóthleðslur þess (eining [275]). Bendir það til þess að veggjarbrotin hafi ekki verið hlutar af sama veggnum. Í báðum tilvikum var mikið af K~1500 gjóskunni í torfhleðslum, og torfið fremur líkt í útliti þannig að mögulegt er að þessi veggjabrot hafi verið frá sama tíma. Í báðum tilvikum var um að ræða eitt umfar af hleðslugrjóti, og var hleðsluhæð veggjarbrots [275]/[304] um 0,35 m en hleðsluhæð veggjarbrots [579]/[591] var um 0,2 m.



**Mynd 10: Teikning af veggjarbrotum [323] og [345]**

Þegar veggjarbrot [275]/[304] hafði verið fjarlægt kom í ljós eldra veggjarbrot (eining [345]) og annað (eining [323]) um 0,3 m vestar, sem líklega tilheyrðu sama veggnum. Í báðum tilvikum var um að ræða eitt til tvö umföer af hleðslugrjóti en torfhleðslur vantaði alveg. Var veggjarbrot [323] um 1,5 m að lengd frá austri til vesturs, og endaði vesturendi þess í um 90° horni sem náði um 0,9 m til norðurs, en veggjarbrot [345] var um 1,4 m að lengd. Voru veggjarbrot [323] og [345] síðustu mannvirkin í sem féllu undir hóp [322], því eftir það tók við talsvert magn af úrgangs og hrunlögum sem huldu byggingu sem var eldri en K~1500 gjóskan (Hópur [461]) en um hana verður fjallað síðar.

#### **Uppgröftur/túlkun.**



**Mynd 11: Veggjarbrot [275]/[304]. Horft til vesturs**

Veggjarbrot [275]/[304] og veggjarbrot [579]/[591] voru strax greinileg eftir að yfirborðsjarðvegur hafði verið fjarlægður. Þó þurfti að fjarlægja nokkuð af torfhruni (einingar [269] og [282]) af veggjarbroti [275]/[304] til að afhjúpa það að fullu. Austasti hluti torfhleðslanna í veggnum (eining [304]) var þar að auki skorinn af holu (eining [295]) sem var full af grjóti og jarðvegi sem þurfti að fjarlægja. Eins og fram hefur komið sveigði vesturendi



veggjarbrots [275]/[305] um 90° til norðurs, þar sem hann var skorinn af húsgrunni [1193], en austurendinn beygði aftur á móti í 90° til suðurs. Sú mikla röskun sem hafði orðið á veggjarbroti [275]/[304] gerir það að verkum að erfitt er að segja til um umfang eða legu þess mannvirkis sem það hefur verið hluti af. Er í rauninni bara eitt sem kemur til greina í því sambandi. Líklegast er að veggjarbrotið hafi verið hluti af norðurvegg mannvirkis sem hefur verið sunnan við húsgrunn [1193] en hafi verið eyðilagt að mestu af lagnaskurði [274] og þeirri röskun sem orðið hafði á svæðinu sunnan hans (sjá að framan). Hefur húsgrunnur [1193] einnig sneitt af grjóthleðslur á norðanverðu veggjarbrotinu en auk þess hefur útskot sem var á lagnaskurði [274] á milli þess og veggjarbrots [575]/[591] sneitt af grjóthleðslur á austurbrún þess hluta veggjarbrotsins sem stefndi norður-suður.

Veggjarbrot [579]/[591] var að fullu afhjúpað strax og yfirborðsjarðvegur hafði verið fjarlægður. Var það raskað á þrjá vegu, að norðanverðu af húsgrunni [1193], að austan og sunnanverðu af lagnaskurði [246]/[262] (sjá umfjöllun um Hópur [1651] hér neðar) og að vestanverðu hafði það verið skorið af útskoti á lagnaskurði [274]. Erfitt er að segja til um legu þess mannvirkis sem þetta veggjarbrot hefur verið hluti af en þó er líklegt að það hafi að mestu verið innan þess svæðis sem húsgrunnur [1193] var grafinn á.



**Mynd 12: Veggjarbrot [579]/[591]**

Þegar veggjarbrot [275]/[304] hafði verið fjarlægt sást glitta í mikið raskaðar grjóthleðslur (eining [345]) sem lágu austnorðaustur-vestsuðvestur, og voru að mestu voru huldar mikið blönduðum lögum úr torfi og grjóti. Skammt austar var annað veggjarbrot [eining [323] með sömu stefnu sem endaði í 90° horni til norðurs og vestur af því var talsvert af hrúnlögum sem virtust vera úr því.



**Mynd 13: Veggjarbrot [323]. Horft til vesturs.**


Engar torfhleðslur tengdust þessum grjóthleðslum, en lega þeirra benti til þess að um væri að ræða hluta af sama veggnum. Nokkuð af hrunlögum rétt vestan við veggjarbrot [323] sem virtust hafa fallið úr því. Voru þessi hrunlög ofan á K~1500 gjóskunni og því líklegt að veggjarbrotin væru yngri en hún þótt ekki hafi verið hægt að staðfesta það með fullri vissu, þar sem skortur var á samhengi á milli gjóskunnar veggjarbrotanna. Auk þeirrar röskunar sem þessi veggjarbrot höfðu orðið fyrir af völdum lagnaskurðar [274] og húsgrunns [1193] virðist sem þau hafi einnig raskast þegar byggingin, sem veggjarbrot [275]/[304] var hluti af, var byggð. Gerði það alla túlkun á þeim afar erfiða. Greinilegt var þó að veggjarbrot [323] og [345] voru hluti af suðurhlið á vegg þar sem hleðslugrjótið snéri allt sléttari hlið sinni til suðurs sem bendir til þess að torfhleðslur, hafi þær einhvern tíma verið til staðar, hafa verið að norðanverðu. Norðurbrún veggjarins hefur hins vegar orðið húsgrunni [1193] að bráð. Að öðru leyti er fátt hægt að segja um þessi veggjarbrot annað en þau hafi verið hluti af vegg með stefnuna austnorðaustur-vestsuðvestur.

## **Hópur [1663]**

### **Lýsing**

Minjar þær sem sáust sunnan lagnaskurðar [274] og falla undir hóp [1663] voru huldar nokkrum víðfeðmum blönduðum lögum úr vindblásnum jarðvegi, móösku, viðarkolum og torfleifum og voru þær það illa raskaðar að erfitt var að sjá nokkra augljósa tengingu á milli þeirra. Varð því algjörlega að treysta á einingakerfi það sem aðferðafræði Fornleifastofnunar byggir á til að fá einhvern botn í það hvert samhengið á milli minjanna var bæði hvað varðar tímaröð og hverjar gætu mögulega átt saman. Bauð jarðlagaskipan það að hópur [1663] skiptist í þrjá undirhópa minja, þ.e sem mögulega ættu saman, eða hópa [1665], [1666], og [1667].

Yngstu minjarnar tilheyrðu hóp [1665] og var um að ræða eitt illa farið veggjarbrot úr torfi og grjóti [347]) og hellulagða stétt (eining [374]) með veggjarbroti sem tengdist henni (einingar [396]/[411]). Ekkert augljóst samhengi var á milli þessara mannvirkja utan þess að jarðlagaskipan og útlit torfhleðslna var fremur líkt, sem benti til þess að þau væru frá svipuðum tíma.



**Mynd 14: Teikning af stétt [374] og veggjarbrotum [347] og [396]/[411]**

Veggjarbrot [347] var að mestu útflatt og mikið gengið til. Var það um 3 m á lengd og mest um 1,7 m á breidd og samsett úr torfi sem var yfirleitt ryðrautt að lit og var í því mikið af K~1500 gjóskunni, en einnig voru leifar af grjóthleðslum. Veggjarbrotið var það mikið útflatt að erfitt var að greina á milli hruns og veggjar. Voru þær litlu leifar sem eftir voru af grjóthleðslum það eina sem markaði línu veggjarins og var því ákveðið



**Mynd 15: Veggjarbrot [347]. Horft til norðurs**

að skrá torfið og grjótið saman undir einu númeri. Stétt [374], sem kom í ljós um 2,2 m vestur frá veggjarbroti [347], var um 1,4 x 2,3 m að stærð með stefnuna norður-suður. Var hún að mestu samsett úr stóru hellugrjóti (um 0,3-0,4 m. að breidd og 0,4-0,6 m að lengd), með smærra grjóti inn á milli (um 0,1-0,20 m. að breidd og 0,1-0,3 m. að lengd.)





Mynd 16: Stétt [374]. Horft til norðurs.



Mynd 17: Veggjarbrot [396]/[411] eftir að stétt [347] hafði verið fjarlægð




Mynd 18. Veggjarbrot [372]/[414]. Horft í norðaustur

Veggjarbrot [396]/[411] lá meðfram vestur- og norðurbrún stéttarinnar. Var sá hluti þess sem lá meðfram vesturbrúninni um 2 m að lengd að innanmáli, en sá hluti sem lá meðfram norðurbrúninni var um 1,4 m að lengd. Var veggjarbrotið talsvert mikið útflatt og náði breidd þess mest um 0,8 m, en hleðsluhæð var mest um 0,14 m. Torfhleðslur veggjarbrotsins (eining [396]) voru nokkuð líkar torfhleðslum veggjarbrots [347], yfirleitt ryðrauðar að lit, með miklu af K~1500 gjóskunni. Það litla sem eftir var af grjóthleðslum [eining [411]], var austast á norður- og suðurbrún þess hluta sem lá meðfram norðurbrún stéttar [374], þrír steinar hvorum megin.

Út frá vestanverðu veggjarbroti [347] virtist ganga annað veggjarbrot (einingar [372]/[414] sem hafði aðeins aðra stefnu, eða norðaustur-suðvestur. Fyrst var talið að það gæti verið hluti af veggjarbroti [347] en fljótlega kom þó í ljós að þessi veggjarbrot voru aðskilin af tveimur víðfeðmum en þunnum vindblásnum lögum (einingar [370] og [379]) úr leirkenndum jarðvegi sem var mikið blandaður viðarkolum og með blettum úr móösku. Tilheyra vindblásnu lögin og veggjarbrotið hópi [1666].

Veggjarbrot [372]/[414], var um 3 m að lengd og um 0,5 m að breidd, með stefnuna norðaustur-suðvestur. Var veggjarbrotið, sem samanstóð af grjóthleðslum [372] og torfhleðslum [414], mikið útflatt og var hleðsluhæðin mest um 0,1 m. Var torfið nokkuð líkt því sem hafði verið í veggjum [347] og [396]/[411], þ.e. yfirleitt ryðrautt að lit með miklu af K~1500 gjóskunni. Sáust engin greinileg ummerki um mannvirki sem veggjarbrot [372]/[414] gæti hafa tengst, en þó er ekki lokað fyrir það skotið að eitthvert samhengi hafi verið á milli þess og veggjarbrots [347]. Verður það rætt síðar.

Beint undir stétt [374] kom í ljós grunn óregluleg gryfja (eining [450]) um 3 x 3 m að stærð og mest um 0,14 m að dýpt. Í “norðvesturhorni” gryfju [450] var um 15 sm. djúp




**Mynd: 19: Teikning sem sýnir gryfju [450], holur [451] og [426], og veggjarbrot [472].**

nokkurn veginn kringlótt hola (eining [426]), um 1,4 m í þvermál, fyllt grjóti og kolabornum leirkenndum jarðvegi [eining [425]] og gekk stoðarhola (eining [451]) út úr norðvesturjaðri hennar. Var stoðarhola [451] um 0,4 m í þvermál, um 0,22 m. að dýpt og var fylling hennar (eining [453]) það lík fyllingu [425] sem setið hafði í holu [426] að líklega var um sama efni að ræða. Var fyllingin kolaborin og leirkennd og innihélt einnig tvo nokkuð stóra steina. Þétt norðan við gryfju [450] var svo lítið veggjarbrot úr grjóti (eining [472]). Var það rétt rúmlega 1 m að lengd með stefnuna norðvestur-suðaustur og var hleðsluhæðin (eitt umfar af hleðslugrjóti), mest um 0,18 m. Enduðu grjóthleðslurnar í 90° horni til norðausturs, við



suðausturendann. Voru veggur [472] hola [426], gryfja [450] og stoðarhola [451] talin tilheyra sama mannvirkinu og því voru þær látnar falla í einn hóp, eða nr. [1667].

### Uppgröftur/túlkun




Mynd 20: Teikning af stétt [374] með veggjarbrotum [347], [372]/[414] og [396].

Eins og fram hefur komið mátti ráða af skipan jarðlaga að hópur [1663] skyldi klofinn upp í þrjá undirhópa ([1665], [1666] og [1667]). Þar sem ekki voru miklir staflar af jarðlögum á milli þeirra mannvirkja sem lýst var hér að framan og talsverð líkindi á milli torfhleðslna auk þess sem talsverð röskun virðist hafa orðið á minjunum, var þó ekki loku fyrir það skotið að meira samhengi væri á milli þeirra en hægt var að koma auga á í fljótu bragði. Greinilegt var að stétt [374] og veggjarbrot [396]/[411] voru hluti af sama mannvirkinu, en erfiðara var að segja til um það hvort veggjarbrot [347] tengdist þeim. Fyrst í stað var talið að veggjarbrot [347] og veggjarbrot [372]/[414] væru hlutar af sama veggnum vegna þess hversu torfið í þeim var líkt að útliti. Sá hængur var þó á þeirri hugmynd að veggjarbrotin voru aðskilin af tveimur þunnum áfokslögum (einingar [370] og [379]), og því gætu þau ekki verið frá sama tíma. Þegar teikningar af veggjarbrotum [372]/[414] og [347] voru svo lagðar saman og skoðaðar í samhengi við veggjarbrot [396]/[411] og stétt [374] virtist það aftur ekki svo fráleit hugmynd að þau hafi getað verið hlutar af sama veggnum sem myndað hefur austurhlið þess mannvirkis sem stéttin hefur verið innan.

Ef svo hefur verið þá hefur suðurhelmingur veggjarbrots [347] verið að mestu torfhrun sem fallið hefur yfir áfokslögin (einingar [370] og [379]) eftir að þau lögðust upp að meginveggnum. Sá galli er þó á þessari kenningu að stefna veggjarins sem veggjarbrot [347] og [372]/[414] mynduðu, var aðeins öðruvísi en stefna veggjarbrots [396]/[411].

Gryfjan (eining [450]) sem kom í ljós eftir að eftir að veggjarbrot [396]/[411] og stétt [374] höfðu verið fjarlægð olli nokkrum heilabrotum vegna óreglulegrar lögunar. Þegar teikningu af henni hafði hins vegar verið bætt við samanlagðar teikningar af stétt [274] og veggjarbrotum [396]/[411], [372]/[414] og [347] virtist koma skýrari mynd á málin.



Mynd 21: Stétt [374] og veggjarbrot [347], [372]/[414] og [396], með gryfju 450.

Svo virtist sem gryfjan hafi í raun ekki verið manngerð, heldur hafi hún verið holrými sem myndast hefur í kringum stétt [274], en það er þekkt að jarðvegur er gjarnan talsvert laus í sér þar sem mikið er um grjót. Við slíkar aðstæður á vatn gjarnan greiðari leið um jarðveginn og því er meira um frosthreyfingar sem losa um hann. Er líklegt að sá hluti veggjarbrots [396]/[411] sem var meðfram stéttinni að vestanverðu hafi ákveðnum sigið niður í þetta holrými og nær stéttinni sem skýrir hvers vegna stefna þess passaði illa við stefnu veggjarins sem veggjarbrot [347] og [372]/[414] voru hluti af. Sé það rétt að þessi hluti veggjarbrots [396]/[411] hafi mögulega sigið niður í gryfjuna þá lagast talsvert afstaðan á

milli þessara tveggja veggja og gerir það meira en líklegt að þeir hafi verið hluti af sömu byggingu. Samkvæmt þessu hefur sá byggingarhluti sem myndaður var af veggjarbrotunum og stétt [274], verið um 2,6 x 3 m að stærð.

Röskun þessara minja gerir það þó að verkum að ekki er hægt að slá neinu föstu í þessu sambandi. Í raun er það eina sem hægt er að segja með einhverri vissu, að sökum þess að torfhleðslurnar voru mjög líkar og í svipaðri hæð, þá er ekki ólíklegt þessi mannvirki hafi verið frá sama tíma.

Hvað varðar holu [426] og stoðarholu [451] sem komu í ljós undir stéttinni var nokkuð greinilegt að þær væru eldri enn mannvirkið sem stétt [274] og veggjarbrotin mynduðu og var það sama að segja um veggjarbrot [472] norðan við hana. Var fátt annað hægt að segja um þessi mannvirki.

## Hópur [461]




**Mynd 22: Byggingin, sem hópur [461] náði yfir, að lokinni hreinslun. Horft til austurs**

Hópur [461] náði yfir byggingu, eldri en Kötlugjóskan K~1500, sem kom í ljós eftir að minjar þær sem tilheyrðu hóp [305] höfðu verið fjarlægðar. Var hún full af blönduðum mannvistarlögum, sem innihéldu mikið af móösku, viðarösku og viðakolum sem bendir til þess, að úrgangi hafi varið fleygt í rústina, en það er reyndar ekki óþekkt fyrirbæri að gamlar tóftir hafi verið nýttar á þann hátt. Í fyllingunni var einnig nokkuð um torf og grjót, sem hrunið hefur úr veggjum byggingarinnar, í bland við úrgangslögin. Þá var einnig talsvert um misblönduð hrun- og ruslalög sem huldu rústina að utanverðu. Það væri of langt mál og þjónar litlum tilgangi að lýsa öllum þessum jarðlögum nákvæmlega, en þó er vert að það komi fram að einstaklega fáir gripir fundust í þeim úrgangslögum sem huldu rústina að innan og utanverðu og lítið sem ekkert af beinum nema þá helst að þau væru brennd. Virðist þó einkum hafa verið um að ræða úrgang úr eldstæðum bæjarins. Gripafæðin í jarðlögum gerði það að verkum að erfitt var að fá nákvæmari tímasetningu á þau en gjóskulagafræðin veitir. Eins og fram hefur komið bendir gjóskulagagreining til þess að byggingin hafi verið reist einhvern tíma eftir að Miðaldalagið frá því um 1226 e.Kr. féll (R-9) og áður en Kötlulagið frá því um 1500 e.Kr., K~1500 kom til sögunnar. Er litlu við að bæta í því sambandi, fyrir utan að svo virðist sem menn hafi verið að fleygja rusli í rústina eitthvað fram yfir 1500 e.Kr., þar sem

þrjú af þeim lögum sem fylltu hana, lög [316], [424] og [479], lágu hærra í jarðlagaskipaninni en K~1500. Byggingin hefur þó örugglega verið farin úr notkun og fallin nokkru fyrir þar sem talsvert var um hrunlög úr veggjum, ruslalög og áfokslög utanvert við rústina, sem lágu undir K~1500 -gjóskunni.

#### Hópur [461]




**Mynd 23: Flæðirit sem sýnir aldursröð byggingarstiga [461]. Yngsta byggingastigið er efst.**

Uppgröftur átti svo eftir að leiða í ljós að þetta mannvirki var niðurgrafið og hafði það verið endurbyggt a.m.k. tvisvar sinnum. Átti hópur [461] því eftir að skiptast í þrjá undirhópa sem náðu hver yfir sitt byggingarstig rústarinnar, og fengu þeir númerin [1328], [1386] og [1449]. Virðist sem nokkurt hlé hafi orðið á milli notkunartímabila á þessu mannvirki þar sem nokkur uppsöfnun móösku, hruns og áfokslaga virðist hafa orðið á milli einstakra byggingarskeiða. Breytingar þær sem áttu sér stað á [461] milli einstakra byggingarskeiða fólust einkum í því að rýmið minkaði gerðist það á þann hátt að byggt var upp að norðurlangvegg og

austurvegg byggingarinnar að innanverðu. Suðurlangveggur hennar [einingar [1409] og [1410]] virðist aftur á móti að hafa haldist óbreyttur að mestu, utan einstakra viðgerða eða viðbóta (einingar [1330] og [1346]) hér og þar og kemur hann því fyrir í öllum undirmengjum [461] í eftirfarandi umfjöllun.



## Hópur 1328



Mynd 24: Byggingarstig [1328] eins og það kom fyrst fyrir.

### Lýsing

Eftir að jarðlögin sem fyllt höfðu rústina höfðu verið fjarlægð kom í ljós að um eitt hólf eða herbergi var að ræða sem var um 4 x 6 m að utanmáli og um 4 x 2 m að innanmáli og með stefnuna austur-vestur. Voru veggir hennar í fremur slöku ásigkomulagi, þ.e. mikið gengnir til og hrunið úr grjóthleðslum og náðu þær mest tveimur umförum (röðum) af hleðslugrjóti sem var yfirleitt fremur óreglulegt að lögun. Náði hæð veggja mest um 0,3 m. Byggingin var greinilega niðurgráfin og virðist hafa opnast til vesturs, sem er í samræmi við þau mannvirki sem fundust vestast á svæði 2a og voru gráfin inn í bæjarhólinn frá austri til vesturs. Því voru grjóthleðslur aðallega á innanverðum veggjum. Grjóthleðslur á utanverðum veggjum voru einungis við norðvesturhorn og suðvesturhorn. Fyrir innan grjóthleðslurnar voru svo torfhleðslur, yfirleitt strengjatorf og mátti sjá slitrur af dökkgrárrí gjósku, Miðaldalaginu svokallaða (sjá að framan) sem sýndi svo ekki varð um villst að mannvirkið byggt einhvern tíma eftir 1226 e.Kr. Inngangar í bygginguna virðast hafa verið á tveimur stöðum. Rétt vestanmegin við miðjan suðurvegg var grjóthlaðinn rampur (eining [484]) ofan í rústina og



**Mynd 25: Rampur [484] Horft til suðurs.**



**Mynd 26: Veggjarbrot [1652]. Horft til austurs.**



**Mynd 27: “Grjóthrúga”/stoðarhola [772]/[826] við suðvesturhorn byggingarinnar. Horft til austurs**

náði hann eða það sem eftir var af honum um 70 sm. út fyrir suðurvegginn. Er því líklegt að inngangur hafi verið í bygginguna á þessum stað.

Annar inngangur virðist hafa verið á byggingunni þar sem lagnaskurður [274] liggur í gegnum vesturenda hennar. Skurður [274], lá þétt upp að norðurvegg byggingarinnar við vesturendann og hefur líklega skorið burt leifar vesturveggjarins þar. Að sunnanverðu hafði skurðurinn ekki gengið eins nærri byggingunni og mátti sjá þar hvernig grjóthleðslur á innanverðum vesturvegg lágu þar út úr byggingunni og mynduðu suðurvegg á dyrum auk þess sem gólf virtist einnig liggja upp að þeim. Í framhaldi af þessum hleðslum til vesturs var svo grjóthlaðið veggjarbrot (eining [1652]) um 1-2 umför af óreglulegu hleðslugrjóti og um 2,5 m að lengd sem mögulega hefur verið úr suðurvegg á fordyri fyrir framan bygginguna.

Vegna þeirrar röskunar orðið hafði vegna lagnaskurðar [274] voru ummerki um burðargrind byggingarstigs [1328] af skornum skammti. Þó fundust tvær stoðarholur báðar um 0,3 m í þvermál innan byggingarinnar. Var önnur (eining [1038]) í suðvesturhorni hennar og höfðu

steinar (eining [1021]) einhvern tíma verið settir undir þá stoð, en hin (eining [899]) í var

henni miðri nánast við norðurbrún skurðarins. Var stoðarhola [1038] um 22 sm að dýpt en stoðarhola [899] um 14 sm. Við utanvert suðvesturhorn byggingarinnar kom í ljós grjóthrúga (einingar [772] og [826]), sem fyrst í stað leit út fyrir að vera hrun úr veggjum byggingarinnar. Þegar efstu steinarnir höfðu verið fjarlægðir kom þó í ljós að greinileg hola var ofan í miðja hrúguna um 0,4 x 0,4 m. að stærð og er líklegt að stoð hafi verið í henni. Síðar kom svo í ljós að “grjóthrúgan” sat í nokkurn veginn ferkantaðri holu (eining [1146]), um 0,8 x 0,8 m að stærð og mest um 0,2 m að dýpt, sem var fóðruð með grjóti (eining [1145]) á hliðum og í botni.

Gólfög þau sem falla undir hóp [1328] voru ærið sundurleit auk þess sem lagnaskurður [274] gerði það að verkum að ekki var hægt að tengja með góðu móti jarðlög sem voru sunnan og norðan megin í rústinni. Var ekki um að ræða dæmigerða svarta gólfskán sem náði yfir allt rýmið, heldur virtist gólfið samanstanda af mörgum mislitum linsum úr lífrænu og leirkenndu efni í bland við viðar- og móösku, auk viðarkola, en einnig mátti sjá það sem virtist vera leifar af dýrahári í einhverjum lögum.

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum uppgrftar á byggingarstigi [1328]. Verður sá háttur hafður á að lýsa fyrst þeim hluta byggingarinnar sem var sunnan við lagnaskurð [274] og síðan þeim hluta sem var norðan við hann.

### Uppgröftur/túlkun

Lítið var um augljós gólfög sem virtust tengjast grjóthlaðna rampinum [eining [484], fyrir utan nokkrar þunnar slitrur beggja vegna við hann (einingar [861], [846], [920], [1019]). Virðist sem rampinum hafi verið komið fyrir seint á notkunartíma byggingarstigs [1328] því er hann og gólfög honum tengd höfðu verið fjarlægð komu ljós 5 hrunlög úr torfi og grjóti (einingar [931], [941], [965], [1012], [1093]), en undir þeim voru svo tvær



Mynd 28: Grjóthleðslur [1198] (í forgrunni) og [1199]

syrpur gólflaga. Virtust þessi gólfög aðskilin af grjóthleðslum (eining [1198]) sem lágu norður-suður, nokkurn veginn í miðri rústinni. Ekki sást ummerki um svipaðar hleðslur





**Mynd 29: Byggingarstig 1328 eftir að rampur [484] hafði verið fjarlægður og grjóthleðslur [1198] og [1199] höfðu komið í ljós**

norðan við lagnaskurð [274], en skurðurinn fer talsvert nærri norðurlangvegg byggingarinnar og hefur því líklega eyðilagt hleðslurnar þeim megin hefðu þá tengst [1198]. Ef hleðslur [1198] hafa náð alla leið yfir að norðurveggnum hafa þær afmarkað svæði sem hefur verið um 2 x 2,5 m að stærð. Í suðvesturhorni byggingarinnar voru einnig leifar af grjóthleðslum (eining [1199]) sem lágu austur-vestur frá “dyrunum” á vesturhliðinni og að grjóthleðslum [1198]. Afmörkuðu þessar hleðslur hólf sem var um 0,4 x 1,6 m að stærð. Hleðslur [1198] og [1199] voru í báðum tilvikum fremur lítilfjörlegar og hafalíklega frekar verið hluti af undirstöðum undir þiljum frekar en leifar hlaðinna veggja.

Gólfið austan við hleðslur [1198] samanstóð af fjórum jarðlögum, [1101], [1102], [1128], [1138] og var samanlögð þykkt þeirra mest um 16 cm. Var það dökkgrátt, leirkennt og mikið blandað viðarkolum ([1128], [1138]), með hreinum linsum af viðarkolum [1101] og móösku [1102]).

Vestan við [1198] voru tvö þunn lög dökk og lífræn með viðarkolum ([1024]) og móösku ([1033]), en undir því fyrrnefnda voru stoðarsteinar (eining [1021]) og stoðarholan ([1038]) í suðvesturhorni byggingarinnar sem áður hefur verið minnst á. Undir gólflögum [1024] og [1033] var þunnt torflag [1034] en þar fyrir neðan tók við syrpa af gólflögum

([1173], [1188] og [1196]) sem öll voru á bilinu 2-5 sm á þykkt og var í þeim mikið af móösku og viðarkolum.

Gólfög [1196] og [1138] voru þau síðustu sem lágu upp að grjóthleðslum [1198] og [1199]. Þegar hleðslur [1198] og [1199] höfðu verið fjarlægðar komu í ljós tvö leirkennd lífræn gólfög ([1312] og [1320]), samanlagt um 10 sm þykk, með miklu af viðarkolum, og benti því allt til þess að hleðslunum hafi verið bætt við eftir að byggingarstig [1328] hafði verið í notkun um tíma. Voru [1312] og [1320] jafnframt síðustu gólfögin sem tilheyrðu byggingarstigi [1328] sunnan við lagnaskurð [274].

Gólfið norðan við lagnaskurðinn var öllu einsleitara, dökkleitt, lífrænt, blandað viðarkolum og samanstóð það af tveimur lögum [1138] og [1335].

Þegar gólfög höfðu verið fjarlægð innan úr byggingunni var komið að því að taka í sundur vegg hennar. Í suðursniði lagnaskurðar [274] hafði sést nokkuð þykkt móöskulag (eining [1371]) sem virtist liggja beint undir veggjabrotinu (eining [1652]) sem gekk út frá vesturvegg byggingarinnar og talið var geta verið leifar af fordyri. Virtist þetta lag jafnframt liggja undir vesturvegg byggingarinnar. Þegar veggjarbrot [1652] hafði verið fjarlægt og farið var að taka burt grjóthleðslur vesturveggjarins (eining [1327]), sem og torfhleðslu (eining



**Mynd 30: Byggingarstig [1328] eftir að búið var að fjarlægja veggjarbrot [1652], en áður en farið var að rífa aðrar vegghleðslur sem tilheyrðu því. Horft til austurs**

[1347]) kom í ljós að þær virtust vera viðbót eða viðgerð á suðvesturhorni byggingarinnar og





**Mynd 31: Innanvert suðvesturhorn byggingarstigs [1328]. Hleðslur [1327]/[1347]. Horft til suðurs**

áður hafði verið notast við hleðslurnar á byggingarstigi [1328]. Áttu þessar eldri grjóthleðslur (eining [1410]) og torfhleðslur (eining [1409]) þar fyrir aftan, því eftir að koma frekar við sögu í Hóp [461].

Svipaða sögu var að segja af veggjum norðan við lagnaskurð [274] og þeim að sunnanverðu. Þegar grjóthleðslur á utanverðu norðvesturhorni (eining [1330]), á innanverðum norðurvegg (eining [1309]) og innanverðum austurvegg (eining [1326]) höfðu verið fjarlægðar, ásamt torfhleðslum fyrir aftan þær (einingar [1346] og [1329]), komu í ljós eldri veggheðslur með gólflögum sem lágu upp að þeim, sem greinilega tilheyrðu eldra byggingarstigi. Fékk þetta byggingarstig númerið [1386] og verður fjallað um það hér næst á eftir.



**Mynd 32: Hola [1146] og grjóthleðslur [1145], eftir að grjóthrúgan (einingar [772]/[826]), með stoðarholunni, hafði verið fjarlægð. Horft til austurs.**


aðskildi móöskulag [1371] þær frá meginhluta vestur- og suðurveggjar byggingarinnar. Móöskulag [1371] var greinilegt rusla- eða úrgangslag sem virðist hafa hlaðist ofaná eldri hleðslur áður en grjóthleðslum [1327] og torfhleðslum [1347] var bætt við. Meginhluti suður- og vesturveggjar sem og gólflög, sem lágu upp að þeim og komu jafnframt í ljós undir [1371], virtist því tilheyra eldra byggingarstigi, en samt sem

Eins og fram hefur komið var stoðarhola ofan í grjóthrúgu við utanvert suðvesturhorn byggingarinnar. Þegar búið var að fjarlægja grjóthrúguna (einingar [772], [826]) kom í ljós að hún sat í holu (eining[1146]) sem fóðruð var með grjóti (eining [1145]) á hliðum og í botni. Þessi hola [1145] tilheyrði greinilega byggingarstigi [1328] þar sem hún skar móöskulag [1371] og var því yngri en það. Þótt engar viðarleifar hafi fundist, er talið líklegt að stæðileg stoð, hluti af

burðargrind hússins, hafið staðið í [1146] og grjóti verið hlaðið upp að henni.

Ekki er hægt að segja til um það að svo stöddu, hvert hlutverk byggingarstigs [1328] hefur verið, en þó er mögulegt að niðurstöður greiningar á jarðvegssýnum geti varpað ljósi á það. Verða þær niðurstöður þó að bíða lokaskýrslu um fornleifarannsóknir í Leirvogstungu.

## Hópur 1386



Mynd:33: Einfölduð teikning af byggingarstigi [1386]

### Lýsing

Þegar hleðslurnar sem tilheyrðu byggingarstigi [1386] höfðu verið fjarlægðar stóð eftir herbergi eða hólf sem var nokkuð stærra að innanmáli en [1328] hafði verið eða um 5 x 2,5 m, en utanmálið var það sama og á [1328], um 4 x 6 m. Eins og á byggingarstigi [1328] voru grjóthleðslur aðallega á innanverðu nema á suðvesturhorni. Virðist sem norðvesturhorn þessa byggingarstigs hafi verið skorið af þegar norðvesturhorn (grjóthleðslur [1330] og torfhleðslur [1346]) byggingarstigs [1326] var hlaðið. Voru hleðslur norður- og austurveggjar byggingarstigs [1386] nokkuð stæðilegri en þær sem höfðu tilheyrt byggingarstigi [1328], um 2 umför og meira af tilhöggnu grjóti, en voru þó svipaðar að hæð, um 30 sm. Ekki voru greinilegar leifar vesturveggjar að norðanverðu og líklegt að lagnaskurður [274] hafi skorið þær frá. Suðurveggur og hluti vesturveggjar voru myndaðir af sömu hleðslum (einingar

[1409], [1410]) og meginþorri suður og vesturveggja byggingarstigs [1328]. Ekki voru sjáanlegar leifar austurveggjar að sunnanverðu, en suðurveggur sveigði til norðurs í austurenda og lá þétt að lagnaskurði [274] og virðist sem skurðurinn hafi eyðilagt hluta austurveggjarins. Eins er um byggingarstig [1386] og var um byggingarstig 1386, að sjá mátti slitrur af dökkgrárrí gjósku, þ.e miðaldalaginu svokallaða (sjá að framan) í hleðslutorfi sem bendir til þess að byggingarstig [1386] hafi líka verið byggt eftir 1226.

Inngangar í bygginguna virðast hafa verið á tveimur stöðum. Var annar þeirra sá sami og hafði verið á vesturvegg byggingarstigs [1328] og voru gólfög sem lágu út úr rústinni á þeim stað til marks um það. Hinn inngangurinn virtist hafa verið austast á norðurvegg, en þar lækkuðu hleðslur nokkuð eins og þær mynduðu þröskuld í dyrum.

Ummerki um burðargrind byggingarstigs [1386] voru nokkuð fátæklegrí en á byggingarstigi [1328] og fannst einungis ein stoðarhola (eining [1408]), en þó er mögulegt að stoðaholur (einingar [899] og [1038]) þær sem fundust innandyra á byggingarstigi [1328] hafi einnig nýst með 1326. Var stoðarhola [1408] miðja vegu á milli [899] og [1038], Engar stoðarholur fundust norðan við lagnaskurðinn og er mögulegt að það hafi verið vegna erfiðs veðurfars, en mjög votviðrasamt var á þeim tíma er byggingarstig [1386] var grafið og því jarðvegurinn mjög blautur.

Gólfög þau sem falla undir hóp [1386] voru yfirleitt mjög leirkennd og lífræn, blönduð viðarkolum, viðarösku og móösku. Voru þau yfirleitt grábrún eða rauðbrún að lit. Var sama upp á teningnum og þegar byggingarstig [1328] var grafið, að vegna þeirrar röskunar sem lagnaskurður [274] olli, var ekki hægt að tengja saman gólfög norðan og sunnan við hann með góðu móti.

### **Uppgröftur/túlkun**

Byggingarstig [1386] var nokkuð auðveldara viðureignar en [1328] þar sem ekki sáust ummerki um skilrúm eða aðrar viðbætur eins og reyndin hafði verið með [1328]. Nokkur úrgangs- og hrunlög (einingar [1371], [1414], [1344]), og 1350) skildu að byggingarstig [1328] og [1386] en að þeim slepptum var hægt að fara að fást við mannvistarlög sem tilheyrðu [1386]. Gólfög voru ærið slitrótt og hafa líklega raskast við gerð byggingarstigs [1328]. Sunnan við lagnaskurð [274] var aðeins eitt gólflag (eining [1367]) sem var leirkennt dökkbrúnleitt, mjög blandað móösku og mest um 7 sm að þykkt og minnst um 0,5 sm. Náði það úr dyrunum vesturvegg að mestu yfir suðurhluta rústarinnar en þó var það raskað á köflum, einkum í suðvesturhorni. Þegar því sleppti var komið niður á mannvistarlög


sem greinilega tilheyrðu eldra byggingarstigi. Gólfið norðan við lagnaskurð [274] var samsett úr þremur lögum (einingar [1358], [1359] og [1380] sem um 2,5 m x 0,9 m breitt belti nokkurn veginn miðsvæðis í rústinni. Var heildarþykkt gólfsins sem þessi lög mynduðu um 5-9 sm. Þessi lög voru ærið sundurleit, ýmist rauðbrún eða grábrún, en áttu það sameiginlegt að vera leirkennd og með flekkjum af móösku og viðarkolum. Þegar þessi lög höfðu verið grafin burt var komið niður á mannvistarlög sem stungust öll undir vegghleðslur norður- og austurveggjar (grjóthleðslur [1421] og torfhleðslur [1420]) og tilheyrðu því eldra byggingarstigi.

Þegar gólflög sem tilheyrðu byggingarstigi [1386] höfðu verið fjarlægð var komið niður á mannvistarlög sem stungust undir vegghleðslur og tilheyrðu því eldra byggingarstigi. Eins og fram hefur komið þá var komið niður á mannvistarlög sem talin voru tilheyra eldra byggingarstigi þegar gólflag [1367] hafði verið fjarlægt. Var um að ræða grjótfylltan holu og gólflög henni tengd sem lögðust upp að hleðslum þeim sem mynduðu suður- og vesturvegg byggingarinnar (einingar [1409] og [1410]). Vegghleðslur [1409] og [1410] tilheyrðu því greinilega eldra byggingarstigi.

Engin lög virtust hins vegar liggja upp að hleðslum [1420] og [1421] sem mynduðu norðurvegg og hluta austurveggjar byggingarinnar og því voru þær tilbúnar til niðurrifs. Kom fljótlega í ljós að eldri vegghleðslur voru fyrir innan þær sem gólflög þau sem gengið höfðu undir hleðslur [1420]/[1421] lögðust upp að. Var þessu eldra byggingarstigi gefið númerið [1449] og verður fjallað um það hér á eftir. Hvað varðar byggingarstig [1386] er eins um það og byggingarstig [1328] að ekki er hægt að segja til um það að svo stöddu hvert hlutverk þess hefur verið, og verða slíkar vangaveltur einnig að bíða niðurstaðna greininga á jarðvegssýnum.



## Hópur 1449



Mynd 34: Einfölduð teikning af byggingarstigi [1449]

### Lýsing

Hópur eða byggingarstig [1449], sem kom í ljós eftir að byggingarstig [1386] hafði verið fjarlægt, var jafnframt það elsta sem fellur undir Hóp [461]. Var um að ræða byggingu sem var um 5 x 3 m að innanmáli en utanmálið var sem fyrr (sjá byggingarstig [1328] og [1386] um 4 x 6 m. Suðurveggur og hluti vesturveggjar byggingarinnar voru myndaðir af sömu hleðslum (einingar [1409] og [1410]) og myndað höfðu suður- og vesturvegg byggingarstiga [1328] og [1386]. Vesturvegginn vantaði alveg norðan lagnaskurðar [274] og hefur hann líklega verið eyðilagður af hinum yngri byggingarstigum. Sömu sögu var að segja af austurvegg byggingarinnar að hann vantaði alveg beggja vegna lagnaskurðarins. Norðurveggur byggingarinnar (einingar [1512] og [1513]) hafði greinilega ekki heldur farið varhluta af hinum yngri byggingarstigum. Vantaði stóran hluta af grjóti innan veggjarins einkum á austustu þremur metrum hans (sjá mynd 33 hér að framan). Virðist sem þær hafi verið skornar burt þegar norðurveggur byggingarstigs [1386] var byggður (einingar [1420] og [1421]). Stærstur hluti torfhleðslna veggjarins var þó til staðar. Eins var um byggingarstig

[1449] og hin yngri að torfhleðslur voru með slitrum af miðaldalaginu svokallaða (sjá umfjöllun um byggingarstig ([1328] og [1386])) og því var byggingin byggð eftir að það féll í kringum 1226 e.Kr. Hægt var að benda á einn inngang í bygginguna með öruggri vissu og var það sá hinn sami og verið hafði á vesturvegg beggja yngri byggingarstiganna (sjá umfjöllun um byggingarstig [1328] og [1386]). Vegna þess hve byggingin var röskuð verður ekki sagt um hvort á henni hafi verið fleiri inngangar. Ummerki um burðargrind byggingarinnar voru fátækleg og komu engar nýjar stoðarholur í ljós en þó er líklegt að stoðarholur [1048] og [1408] sunnan við lagnaskurð [274] sem fundust með hinum yngri byggingarstigunum hafi einnig nýst þessari byggingu.

Gólfög voru sem fyrr talsvert illa röskuð vegna lagnaskurðar [274] og yngri byggingarstiga. Átti það einkum við um norðurhluta byggingarinnar. Voru gólfögin yfirleitt leirkennd, dökkbrún, dökkgrá eða svargrá að lit, samþjöppuð og blönduð viðarkolum og móösku. Fór litur þeirra nokkuð eftir magni móösku og viðarkola í þeim. Var það eins um þessa byggingu og hin yngri byggingarstig, að ekki var hægt að tengja saman með góðu móti gólfög norðan og sunnan lagnaskurðar [274].

Einar fimm holur skáru gólf byggingarinnar. Var ein þeirra (eining [1393]) sunnan við lagnaskurð [274] og var sú fóðruð grjóti (eining [1391]), en fjórar að norðanverðu (einingar [1389],[1425], [1466], [1478]). Tvær holanna norðanmegin (einingar [1466] og [1478]) voru samtengdar og þótti fylling þeirra benda til þess að um eldstæði væri að ræða.

### **Uppgröftur/túlkun**

Fjarlægja þurfti eitt hrunlag (eining [1455]) af torfi og grjóti til þess að afhjúpa alveg þau mannvistarlög sem tilheyrðu byggingarstigi [1449]. Hreinsun á gólfi byggingarinnar leiddi í ljós fimm holur (einingar [1389], [1393] [1425], [1466], [1478]), sem það. Holur [1389] og [1425] sem báðar eru hringlaga, voru austarlega norðanmegin í byggingunni og þótti lögun þeirra benda til þess að keröld af einhverju tagi hafi staðið í þeim. Lágu þær þétt saman og leiddi uppgröftur í ljós að hola [1389] skar holu [1425]. Var hola [1389] því greinilega yngri. Hola [1389] var um 50 sm. í þvermál og um 17 sm. að dýpt en hola [1425] var um 40 sm. í þvermál og um 15 sm. að dýpt. Fyllingar beggja [einingar [1388] og [1424] voru nokkuð sandkenndar og báðar blandaðar viðarkolum, en [1388] sem fyllti holu [1389] var þó öllu ríkari af móösku og því nokkuð rauðleit á meðan [1424] sem fyllti holu [1425] var fremur gráleit. Holur [1466] og [1478] voru einnig norðan við lagnaskurð [274] rétt vestan við miðja byggingu. Lágu þær einnig þétt saman og deildu sömu fyllingu (eining [1463]). Var hola

[1466] hálf ferköntuð, um 0,5 x 0,6 m að stærð og um 10 sm að dýpt, en hola [1478] var nokkurn vegin hringlaga, um 0,5 sm í þvermál og um 14 sm að dýpt. Fyllingin hafði mikið af bleikleitri móösku með viðarkolaflekkjum en neðsti hluti hennar sem huldi botn og hliðar beggja holanna var kolsvartur og sótkenndur sem benti til þess að bruni hafi átt sér stað í holunum og er því mögulegt að þær hafi þjónað hlutverki eldstæðis.


Hola [1393] var sunnan við lagnaskurð [274] nálægt suðvesturhorni byggingarinnar. Var hún fremur óregluleg að lögun og var mesta breidd hennar, um 68 sm en mesta lengd um 86 sm og dýpt um 17 sm. Hola [1393] var fyllt fremur leirkenndum (eining [1392]) jarðvegi sem hafði mikið af smásteinum, en einnig virðist hliðar hennar hafa verið styrktar með grjóti og voru þrír steinar, óreglulegir að lögun, um 20 x 20 sm að stærð meðfram suðurhlið holunnar. Ekki var alveg ljóst hvert hlutverk [1393] hefur verið.

Gólfið í byggingarstigi [1499] var fremur leirkennt og yfirleitt dökkgrátt eða svargrátt að lit. Að norðanverðu var það samsett úr tveimur lögum (einingar [1477] og [1510]) sem samanlagt voru um 20 sm að þykkt og voru bæði blönduð móösku og viðarkolum. Yfir gólflögum [1477] og [1510] var um 14 sm þykkt móöskulag (eining [1448]) og var það eins og gólflögin skorið af holu [1445]. Gólflög [1477] og [1510] virtust nokkuð röskuð þar sem þau lágu á 1 m breiðu belti sem náði u.þ.b. frá miðri byggingunni um 2 m í austur. Skrifast röskunin einkum á yngri byggingarstigin en þó er einnig líklegt að mikilli bleytu sem var þegar lögin voru grafin sé einnig um að kenna og eitthvað af lögunum hafi farið forgörðum við hreinsun. Gólfið sunnan megin í rústinni var samsett úr þremur lögum (einingar [1404], [1418] og [1419]) Voru [1404] og [1418] dökkbrún að lit, og mikið blönduð viðarkolum og örlitlu af móösku, en [1419] var rauðleitara sökum þess að meira af í því af móösku. Náðu þessi gólflög að mestu yfir suðurhluta byggingarinnar var gólfið sem þau mynduðu mest um 9 sm að þykkt.

Eins og fram kom í upphafi umfjöllunar um Hóp [461] (yfirhópur fyrir byggingarstig [1328], [1386] og [1489]), virtist byggingin strax, í upphafi uppgrafter á henni, vera niðurgrafin. Það kom líka á daginn þegar farið var að fjarlægja vegg hennar (einingar [1409] [1410] [1512] og [1513]) að þeir sátu í grunni (eining [1559]), sem skorinn var ofan í eldri byggingu sem m.a. virtist vera lögð hellugólfi að hluta. Ekki verður sagt til um það að svo stöddu hvort byggingin sem grunnur [1559] var skorin í hafi verið eldra byggingarstig innan hóps [461], þar sem ekki náðist að ljúka uppgrefti á svæði 2b árið 2007. Munu svör fást við þeirri spurningu í maí 2008 þegar uppgröftur hefst að nýju.

Hvað varðar hlutverk byggingarstigs [1449], verður að bíða niðurstaðna úr greiningu á jarðvegssýnum sem tekin voru úr gólfögum, áður en endanleg niðurstaða fæst um það.

### **Hópur [1668]**



**Mynd 35: Hópur 1668, yfirlitsmynd**

### **Lýsing.**

Minjar þær sem sást á svæðinu austan við lagnaskurð [246]/[262] (sjá yfirlitsmynd hér að framan) voru láttnar falla undir einn hóp [1668]. Engar byggingar fundust á þessu svæði, en fimm kringlóttar holur sást (einingar [505], [523], [525], [526], [545]), ein óreglulega löguð gryfja (eining [575]) og tveir grunnir skurðir (einingar [277] og [235]), og var skurður [235] með grjóthlaðinni drenlög (eining [237]) á hluta. Að öðru leyti samanstóðu mannvistarlög af blöndu úr fokblásnum jarðvegi, torfblettum, móösku og viðarkolum.

Skurður [235] var á skákinni á milli lagnaskurðar [274] og húsgrunns [1193]. Var hann um 1,7 m á lengd, 0,5 m á breidd og um 0,48 m á dýpt, með



**Mynd 36: Skurður [235] með grjóthlaðinni drenlög [237]. Horft til norðausturs**

stefnuna norðaustur-suðvestur. Grjóthlaðin drenlögn (eining [237]) var í skurðinum og mátti greinilega sjá hvernig hellugrjót hafði verið sett upp á rönd meðfram hliðum hans og hellur síðan lagðar ofaná þær til að mynda holrými eftir miðjum skurðinum endilöngum. Virðist sem drenlögn þessi hafi legið frá mannvirki sem horfið var vegna húsgrunns [1193]

Skurður [277] var tæpir 4 m að lengd, yfirleit rúmlega 0,4 m að breidd og um 0,2 m djúpur, með stefnuna norðaustur-suðvestur. Norðausturendi hans var um 2,6 m frá lagnaskurði [274] og um 1,4 m austur frá lagnaskurði [246]/[262], í línu við suðvesturenda skurðar [235]. Suðvesturendi skurðar [277] var svo skorinn af lagnaskurði [246]/[262].



**Mynd 37: Holur 523, 525 og 526.  
Horft til austurs**

Holurnar sem fundust voru fimm. Voru þrjár þeirra (einingar [523], [525] og [526]) í hnapp, um 0,8 m norðvestur frá norðausturenda skurðar [277]. Holurnar þrjár voru allar svipaðar að stærð, um 0,12 - 0,18 m í þvermál og allar um 6 sm að dýpt. Hola [505] var um 1 m vestur af norðausturenda skurðar [277] og 0,1 m austur frá lagnaskurði [246]/[262]. Var hún um 30 sm í þvermál og um 0,13 m að dýpt.

Hola [545] var um 0,6 m norðaustur af stoðarholum [523], [525] og [526]. Var hún um 0,5 m í þvermál og um 0,42 m að dýpt.



**Mynd 38: Gryfja [575]. Horft til suðurs**

Gryfja [575] var um 0,5 m austur frá miðjum skurði [277]. Var hún nokkuð undarleg að lögun eða nánast krosslaga og fyllt blöndu af móösku og sandkenndum jarðvegi.

Var mesta lengd hennar um 1,8 m, mesta breidd um 1,4 m (nyrst) en minnsta um 0,4 m. Mesta dýpt hennar var um 0,64 m.



### **Uppgröftur/ túlkun.**

Holurnar, gryfjan og skurðirnir sem lýst var hér að framan komu öll í ljós þegar yfirborðjarðvegur hafði verið fjarlægður. Þó voru þau ekki alveg samtíða. Stoðarholur [505] og [545] voru líklega undan staurum sem voru hluti af frekar nýlegur girðingu sunnan við fjósið sem stóð í húsgrunni [1193].

Fjósið hafði verið notað sem hesthús um nokkurt skeið áður en það var rifið, og hafði verið komið fyrir malarplani með girðingu umhverfis í tengslum við þá notkun. Passaði lega hola [505] og [545], vel við staðsetningu girðingarinnar.


Ekki skal fullyrt um holur [523], [525] og [526] annað en þar sem þær voru undir malarplaninu voru þær örugglega eldri en það og þar af leiðandi eldri en stoðarholur [505] og [545]. Þær voru þó það grunnar að líklegt er að vélgröftur á svæðinu hafi sneitt ofan af þeim, sem bendir líka til þess að þær hafi ekki verið mjög gamlar og hafi tengst notkun fjóssins á einhvern hátt. Er ekki ólíklegt að þær hafi verið eftir girðingarstaur sem hafi verið færður til og því skilið eftir sig þrjár holur.

Skurðir [277] og [235] voru líklega hluti af sama mannvirkinu, sem skorið hafi verið sundur af lagnaskurði [274]. Er ekki ólíklegt að grjóthlaðin drenlögn hafi einnig verið í skurði [277], sem var sunnar, en henni hafi mögulega verið ýtt burt. Halli skurðanna benti til þess að drenlögnin hafi tilheyrt byggingu sem staðið hefur á sama stað og fjósið í húsgrunni [1193]. Ekki er hægt að fullyrða um það um hvernig bygging það hefði verið, né um aldur hennar eða drenlagnarinnar.

Gryfja [575] var um margt undarleg ekki síst vegna lögunnar sinnar. Skal ekki fullyrt um aldur gryfjunnar að öðru leyti en því að hægt var að sjá slitrur af dökkgráu gjóskunni frá því um 1226 e.Kr. og því var gryfjan a.m.k yngri en hún.

Ekki skal heldur fullyrt um hlutverk gryfjunnar þar sem ekki fannst neitt í henni sem varpað gæti ljósi á það.

## Svæði 3b- eftir Oddgeir Hansson



Mynd 39: Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu SK18 á svæði 3b

Vélgröftur yfirborðslaga af svæði 3b leiddi í ljós að mannvistarlög þar virtust að mestu gerð úr mó- og viðarösku, sem benti til þess að um væri að ræða öskuhaug frá bænum. Þótt umfang mannvistarlaga á svæðinu væri nokkurn veginn ljóst vantaði enn upplýsingar um dýpt þeirra og aldur, auk þess sem ekki var alveg ljóst hversu mikið væri í þeim af gripum og beinum, en nauðsynlegt var að afla upplýsinga um það áður en hægt var að taka ákvörðun um með hvaða hætti svæðið skyldi grafið. Því ákvað FVR að vélgrafa skyldi könnunarskurð (SK-18) í gegnum svæðið og skoða snið í honum. Var það gert í nóvember 2008, undir lok uppgraftar á svæðum 2a og 2b.

### **Könnunarskurður SK-18**


#### **Lýsing**

Könnunarskurður SK-18 var grafinn frá austri til vesturs í gegnum norðanvert svæði 3b og var hann um 30 m að lengd, um 1,5 m að breidd og mest um 1,5 m að dýpt. Eftir að vélgrefti lauk var suðursnið hans hreinsað, ljósmyndað, og teiknað.

## Niðurstöður

Rannsókn á suðursniði skurðarins leiddi í ljós þykkan stafla af mannvistarlögum sem náði mest um 1,4 m á þykkt og lá hann í miklum bratta sem hallaði til vesturs. Var yfirleitt um að ræða þykk móöskulög með viðarkolum, sem voru misblönduð öðru efni eins og torfflyksum og fokjarðvegi, auk þess sem á örfáum stöðum mátti sjá þunnar linsur sem höfðu að geyma dýrabein og/eða skeljabrot. Einnig mátti á nokkrum stöðum sjá holur í sniðinu sem virtust hafa verið grafnar til þess að fleygja í þær úrgangi þar sem þær voru einnig fullar af móösku og oft var í henni töluvert af viðarkolum. Lítið sem ekkert sást af gripum í þessum mannvistarlögum og fá bein fundust. Því má gera því skóna að þessi lög hafi verið mynduð úr ösku sem borin hefur verið út úr eldstæðum á bænum og fleygt fram af vesturbrún bæjarhólsins. Hvað varðar aldur þessara mannvistarlaga mátti sjá slitrur af K~1500 gjóskunni á sínum stað, ofarlega í móöskustaflanum en einnig voru slitrur af Miðaldalaginu frá því um 1226 e.Kr. um það bil í sniðinu miðju og voru einnig móöskulög undir því. Það má því skipta jarðlagastaflanum í þrennt eftir aldri, þ.e í lög frá því eftir 1500 e.Kr., lög frá því fyrir 1500 og eftir 1226 e.Kr., og lög frá því fyrir 1226 e.Kr.

Aðeins á einum stað, vestarlega í sniðinu, mátti sjá eitthvað sem gat verið leifar af



Mynd 40: Einfölduð mynd af hluta suðursniðs SK18 þar sem sjá mátti slitrur af torfvegg

vegghleðslum og var um að ræða torfbálk sem var um 0,6 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Mátti sjá slitrur af Miðaldalaginu í torfinu og því ljóst að þetta meinta veggjarbrot var byggt

einhvern tíma eftir 1226 e.Kr. Nokkru ofar í sniðinu voru svo slitrur af K~1500 gjóskunni á sínum stað sem þýðir að veggjarbrotið hefur verið byggt fyrir 1500 e.Kr.

Fulltrúi FVR kom á staðinn og leit á sniðið og var það úrskurður hans að fjarlægja mætti mannvistarlög af svæði 3b með skurðgröfu, en þó undir eftirliti fornleifafræðings.

### ***Vélgröftur á svæði 3b***


Vélgröftur á svæði 3b hófst fljótlega eftir að vinnu við könnunarskurð SK-18 lauk. Þrátt fyrir að veður hafi hamlað verkinu að nokkru leyti má samt segja að það hafi gengið nokkuð hratt fyrir sig enda að mestu um að ræða hrein móöskulög sem lítið var í af gripum og beinum. Á einum stað fannst þó lítil bygging, nánar til tekið vestarlega í norðurjaðri svæðisins eða á sömu slóðum og veggjarbrotið sást í suðursniði könnunarskurðar SK-18. Var um að ræða torfhlaðna byggingu og virtist hún ná inn á svæði 4 sem eins og fram hefur komið var sett í bið. Um aldur byggingarinnar er það að segja að sjá mátti greinilegar slitrur af Miðaldalaginu í torfinu, sem staðfesti niðurstöður þær sem fengust úr SK-18, að hún væri byggð eftir 1226 e.Kr. Rústin var ekki mæld upp að þessu sinni eða ljósmynduð og verður það látið bíða uns rannsóknir hefjast að nýju vorið 2008.

## Svæði 2a – eftir Lilju Björk Pálsdóttur

Skipta má minjunum í þrjú megin tímáskeið:


Landnám til 1226, 1226 til 1500, 1500 til 20. aldar

Tvær yfirlitsmyndir eru af svæðinu og er minjunum skipt niður eftir aldri þeirra og tengslum hverri við aðra. Því er nokkur skörun á tímáskeiðum á myndunum, enda eru þær fremur hugsaðar til að sýna fram á húsaskipan og tengsl fremur en að vera tæmandi yfirlitsmyndir hvers tímáskeiðs fyrir sig. Í lýsingu á hópum er minjunum þó skipt eftir aldri.



**Mynd 41:** Yfirlitsmynd sem sýnir helstu húsaskipan og umsvif á svæði 2a á tímáskeiðinu frá 15.-20. aldar.





**Mynd 42:** Yfirlitsmynd sem sýnir helstu húsaskipan og umsvif á svæði 2a á tímaskeiðinu frá 1226 þar til framyfir 1500.

## 1500 til 20.öld

Yngstu fornminjarnar eru húsgrunnur [308] (Sjá yfirlitsmynd 41) sem sennilega er frá 19. öld, en það eina sem sést af þeirri byggingu eru tveir skurðir sem þó tengjast ekki. Þeir liggja hins vegar samsíða og í austur-vestur og eru álíka að breidd og dýpt. Einungis fáeinir steinar voru eftir í nyrðri skurðinum því að aðrir steinar hafa verið fjarlægðir og líklega notaðir í annað. Sá skurður er skertur af 20. aldar lagnaskurði að norðanverðu. Engin gólfhlöð var að finna og má leiða getum að því að timburgólf hafi verið í húsinu. Leifar annarra bygginga [105, 133, 213] tilheyra einnig þessu tímabili, en um er að ræða torfveggjarleifar og gólfhlöð sem tengjast þeim. Tengsl þeirra bygginga við aðrar á svæðinu eru óljós, enda er svæðið þónokkuð raskað. Merki eru um jarðvegssléttun auk lagnaskurða. Vegna þess hve lítið er í raun eftir af byggingunum er nær ómögulegt að segja til um hlutverk eða upprunalega stærð.

Mun heillegri voru byggingar sem stóðu vestar og sunnar á bæjarhólnum. Þetta eru eldri mannvirki sem eru frá mismunandi notkunarskeiðum en mörg þeirra eru byggð upp að miklum niðurgreftri (hér eftir kallað þrep) sem er væntanlega tilkominn vegna hins mikla halla í landinu. Þessar byggingar tengjast allar með veggjum eða eldri herbergjum. Þetta á við um þró [165], en hún hefur verið gerð í eldri fjóstóft [435]. Um hlutverk hennar er erfitt að segja þar sem engir gripir eða gólfhlöð voru sem gætu gefið vísbendingar. Aðrar byggingar eru mannvirki [1653] en í því voru a.m.k. tvö notkunarskeið [155, 997] með breytingum á veggjum og hugsanlega einnig á inngangi. Einungis hluti byggingarinnar reyndist innan uppgraftermarka og var rannsóknarsvæðið því stækkað í tvívegis til vesturs sem nam byggingunni svo hægt væri að rannsaka hana alla. Sunnan við [1653] var svo að finna svæði raskað af nútímalögnum en þó mátti sjá móta fyrir herbergi [1654] sem innangengt hefur verið í úr [1653] og [531].



**Mynd 43:** Bygging [1653] vinstra megin, [1654] fyrir miðju og [531] lengst til hægri.



**Mynd 44:** Mokað í byggingu [1653]. Hægra megin sést í [531]. Séð til suðausturs.

Enn önnur bygging [531] var sunnan við hinar tvær ofan nefndu en um er að ræða endurnýtingu á eldra húsi. Þykk heylög var að finna ofan á gólfum en gripir sem komu úr gólflögunum benda til að byggingin hafi verið í notkun

þónokkuð fram á 20. öld. Í það minnsta var þar fannst meðal annars gripur sem tengist rafmagnsnotkun.

Rafstöð var byggð af Magnúsi Sveinssyni árið 1931<sup>6</sup>. Bætt hefur verið við bygginguna, því að þrep lá niður úr efri helmingi hennar niður í vestari hlutann. Þá eru nokkrir inngangar til norðurs sem og suðurs sem hefur verið fyllt upp í þegar nýir voru teknir í gagnið. Líklegt er að um skemmu eða einhverskonar verkstæði hafi verið að ræða vegna áhalda sem fundust á gólfunum.




**Mynd 45:** Hlutir á gólfi í húsi [531].

Bygging sem sennilega er fjós [435] kom í ljós þegar þróin [165] var fjarlægð en því tengdust tvö önnur mannvirki, hlaða [291] til austurs með ræsi sem lá í gegnum fjósið og heygarður [298] til norðurs. Fjósið og tengdar byggingar eru elstu mannvirkin á þessu tímabili og hafa líkt og hinar byggingarnar gengið í gegnum endurbætur. Hellulögn í fjósi hefur verið endurbætt þar sem básum hefur verið fækkað auk þess sem fyllt hefur verið upp í útskot í hlöðu að austanverðu en gert við vegg að norðanverðu. Þá var illa skert bygging [640] syðst á 2a. Hún hefur verið skert af niðurgreftri fyrir [177] en einnig af síðari tíma fjósgrunni til suðurs.

<sup>6</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ*. 2006. (FS321-06231)



## Hópum lýst



### Hópur 105:

Þessi hópur samanstendur af torfveggjarleifum [102], móöskulagi, hugsanlegu gólflagi [111] með einni pinnaholu og torfblönduðum jarðvegi. Auk þess tilheyra honum tvær stoðarholur sem eru eftir nýlega girðingarstaura. Jarðvegur er hér mikið blandaður og rótaður, líklega vegna sléttunar.

**Mynd 46:** Hópur [105]

### Hópar 133 og 213:


Þessir hópar samanstanda af illa röskuðum og skertum mannvistarlögum og eru mörk þeirra því óljós. Mikið er af áfoks- og hrunlögum. Þetta eru leifar byggingar eða ef til vill tveggja bygginga sem hefur verið breytt mikið. Þær eru á svæði sem er afmarkað af 20. aldar lagnaskurðum til norðurs og vesturs. Sjá yfirlitsmynd A. Niðurgröftur [162] gæti verið fyrir aðra bygginguna þar sem nokkur gólflög liggja innan hans. Þá er til staðar torfveggur [125] sem hefur verið byggður ofan á eldra gólf [126]. Það gólflag var fremur óljóst og er skert af lagnaskurði. Þá gæti torfveggur [125] hugsanlega átt við torfvegg [102] í hópi [105].



**Mynd 47:** Torfveggur og hellulögn í [133]. Séð til suðurs.

### Hópur 308:

Í þessum hópi eru niðurgröftur, steinar og fylling. Sennilega er um að ræða leifar grunns 19. aldar húss. Það eina sem stendur eftir eru þessir steinar og skurðurinn. Grunnurinn liggur í austur- vestur, einungis eru eftir nokkrir steinar, og hafa hinir sennilega verið fjarlægðir til annarra nota.



**Mynd 48 fyrir ofan:** Niðurgröftur fyrir húsgrunn.




**Hópur 165:** Þró gerð inni í eldri tóft. Steinhleðslur mynda vegg til norðurs, suðurs og austurs. Mannvirkið er opið til vesturs. Notast hefur verið við torf úr eldri tóft sem þetta mannvirki er inni í. Notkun er óljós.

**Mynd 49 til hliðar:** Hópur [165]

**Mynd 50 fyrir neðan:** Þró í fjóstóft. Horft til suðausturs.







**Mynd 51:** Frá vinstri: heygarður, fjós og hlaða.

### **Hópar 271 og 298:**

Hér er sennilega um að ræða heygarð [298] sem er afmarkaður af torfvegg [271] og niðurgreftri [299]. Grafið hefur verið lítillega niður, um 5-10 sentímetra og torfveggur hlaðinn umhverfis niðurgroftinn. Grafið hefur verið í gegnum K~1500 nær allan hringinn. Mannvirkið er áfast fjósi með torfveggnum en á syðri hluta veggjarins voru steinhleðslur, bæði að norðan- og sunnanverðu. Ein stoðarhola [349] var í mannvirkinu. Óslétt landslag undir.



**Mynd 52:** Heygarður. Horft til austurs.

### **Hópar 435 og 291:**

[435] er mannvirki sem er að öllum líkindum fjós. Það lítur út fyrir að hafa verið endurbætt að innan, og þá meira sunnanmegin. Stórar hellur eru í flór en einnig í “básum”. Þeir geta hafa verið allt að fjórir, en eftir endurbætur virðist þeim hafa fækkað um einn, ef ekki tvo. [291] er hlaða sem er áföst fjósi til vesturs. Svo er að sjá að lítillega hafi verið grafið niður fyrir hlöðunni

eða um 5-10 cm. Lítið útskot var í austurvegg en síðar hafði verið hlaðið torfi í útskotið og það fyllt. Suðurvegg vantar, en rýmið hefur verið skorið af lagnaskurði til suðurs. Hlaðan hefur verið um 2 m á breidd A-V en óvíst um lengd (yfir 3,60 m) enda skorið af lagnaskurði. Dyr voru til vesturs inní fjós [435] og í þeim renna úr hlöðunni miðri yfir í fjós. Grafið hefur verið niður í eldri mannvistarlög fyrir húsinu því að greina mátti leifar gólflags undir austurvegg hlöðu. Enga tímasetjanlega gripi var að finna í hlöðunni en hún er yngri en gjóskulög úr Kötlu frá því um 1500. Bæði fjós og hlaða eru grafin niður gegnum það gjóskulag, og trúlega reist í einu. Í norðurvegg hlöðu mátti sjá torfhleðslu [611] sem var frábrugðin öðrum veggjum og er líklega til marks um viðgerð á gaflvegg fremur en að húsið hafi verið lengra, a.m.k. varð ekki vart við neinar gólfleifar þar undir.




**Mynd 53:** Fjós og hlaða. Horft til austurs.



### Hópur 1653:

Í þennan hóp falla nokkrar endurbætur frá að minnsta kosti tveimur notkunarskeiðum, og hefur stærð byggingarinnar verið breytt. Frá seinna skeiðinu er hópur [155] sem afmarkast af




litlum vegg hlöðnum úr torfi [178] til vesturs, niðurgreftri [171] til norðurs og austurs og torfvegg með steinhleðslu [714] til suðurs. Mörg gólfög var að finna í byggingunni, mjög þunn en með heyleifum, torf- og fitukennd á köflum. Gólfunum hallar til vesturs. Mikið af torfi hefur verið í rýminu vestanverðu, og er það túlkað sem svo að það hafi verið lagt eftir hentugleikum til að jafna og þurrka gólfið vegna bleytu. Lagnaskurður skerðir bygginguna eftir endilöngu frá norðaustri til suðvesturs.

**Mynd 54:** Síðara notkunarskeiðið [155].

Fyrri notkunarskeiðið í [1653] er [997] og samanstendur af stafla gólflaga sem gengu upp að vegg [817]. Í sumum gólfanna voru stoðarholur. Í gólfögum þessa notkunarskeiðs fundust allnokkrir hnappar auk þess sem útskorinn spónn fannst, en hann virðist hafa verið heill. Farið var með hann fljótlega í forvörslu þar sem hann er enn þegar þetta er skrifað.



**Mynd 55:** [997], horft til austurs.



**Mynd 56:** Fyrri notkunar skeiðið, [997].

Spónninn fannst í litlum viðakolabletti upp við suðurvegg byggingarinnar. Greina má viðakolablettinn á mynd 55 að ofan. Gólfög þessa notkunar skeiðs náðu út fyrir upprunaleg uppgräftarmörk og því þurfti að stækka svæðið til vesturs eftir því sem byggingin lengdist. Þá fannst mikið af brýnum í yngstu gólfögunum.

### **Hópur 531:**

Bygging sem hefur verið lengi í notkun og margendurbætt og –breytt. Á yngri notkunar skeiðum er innangengt í aðra byggingu, þ.e. [533] til suðurs og bætt hefur verið við hana til vesturs [532], sjá yfirlitsmynd 41.

Þykk heylög höfðu safnast fyrir upp við suðurvegg herbergisins. Undir þeim voru svo gólfög. Fyllt hefur verið upp í innganginn til [533] á síðari skeiðum notkunar með steinum og mörgum heilum glerflöskum auk torfs.

**Mynd 57:** Elsta skeið byggingar [531].





Þá var stoðarsteina að finna á gólfum. Gripir úr byggingunni og viðbyggingu [532] benda til að um skemmu hafi verið að ræða, enda verkfæri og fötur á gólfum. Í norðurvegg viðbyggingar [532] var að finna tilhoggna steina sem hafa að lokum verið notaðir í vegghleðslur, en þetta eru steinar með götum og öðrum unnum merkjum. Gengið hefur verið úr þessari byggingu í aðra minni [1654] sem lá norðan við.



**Mynd 58 til hliðar:** Bygging [531] fjær, viðbygging [532] nær en lítið sést í rými [533].

**Mynd 59 að ofan:** Fylling [141] í suðurinngangi í [531]. Séð til suðurs.

#### **Hópur 177:**

Fylling og skurður auk vegghleðslna. Engin tengsl virðast augljós við aðrar byggingar, og er því hlutverk hleðslunnar óljós, þótt hugsanlega sé um einhvers konar síðari tíma grunn að ræða. Niðurgrofturinn skerðir byggingu [640]

**Mynd 60:** Hleðsla [177], séð til norðausturs.



### Hópur 731:

Í þessum hópi er niðurgröftur og fylling. Niðurgröfturinn liggur N-S en sveigir til austurs syðst. Hann hefur verið skertur af síðari tíma skurðum sem liggja A-V. Niðurgröfturinn er innsiglaður af góflögum í byggingu [640] og sker torfhrun úr byggingu [694]. Hann er tímasettur á milli þessarra bygginga. Hlutverk er óþekkt, en fyllingin samanstóð aðallega af gjósku K~1500.

### Hópur 640:

#### Mynd 61:

Bygging [640]. Séð til suð-austurs.




Þessi bygging var illa skert og

mjög erfitt að finna út stærð hennar. Góflög og jöfnunarlög [353] og [585] eru notuð til að afmarka það auk herbergjaskurðar [667], torfveggjabúts [678], mögulegra leifa grjóthlaðins veggjar [677] og hugsanlegum niðurgrefti fyrir vegg [352]. Erfitt er að sjá hversu langt til vestur herbergið hefur náð þar sem góflög eru ákaflega þunn og “flekkótt”. Þá er herbergið skorið af síðari tíma fjósi til suðurs og niðurgrefti fyrir vegg í hópi [177]. Grafið hefur verið niður fyrir herberginu í gegnum K~1500.

#### Mynd 62:

Yfirlitsmynd fyrir [640]







**Mynd 63:** hellulögn í [1303]. Séð til norðurs.

#### **Hópur 1303:**

Lítil bygging við uppgraftarmörk vestanmegin. Notast hefur verið við vegg eldri bygginga [1427, 1518] við gerð hennar. Byggingin lá N-S. Grjóthlaðnir veggir, og a.m.k. ein endurgerð var á S-A horni veggs [1351]. Einn inngangur á austurhlíð hefur verið fylltur upp með einfaldri röð tilhöggvinna steina [1323]. Eftir endurbætur á horni og eftir að lokað var fyrir innganginn, hefur verið lögð stétt [1300] með veggjum byggingarinnar að innan. Gólflagastaflar hafa þá safnast upp ofan á og í kring um stéttina.

Í þessum gólfum var mikið af fiskibeinum og lífrænu efni. Þessi bygging var samtíða byggingu [1317] og tengdust með göngum, sjá yfirlitsmynd 42.



**Mynd 64:** Mikill gólflagastafl í göngum.



### Hópur 1317:



**Mynd 65:** Horft yfir yngra byggingarskeið [1317] til norðvesturs.


Lítil bygging sem gengið hefur verið inn í að vestanverðu. Hún hefur verið endurbætt og mikið breytt í gegnum tíðina. Miðað við þykkt gólflaganna má ætla að rýmið hafi verið í notkun í þónokkurn tíma. Ýmislegt bendir til að byggingin hafi verið notuð til að meðhöndla matvæli. Í byggingunni hafa verið ein fjögur eldstæði með móösku auk þess sem fiskbein og fisksleggjur voru í gólfum.

**Mynd 66 :** Tvö eldstæði á fyrra skeiði byggingarinnar. Horft yfir norðausturhorn hennar.






Á vesturvegg hússins mátti sjá viðgerðir og endurbætur þar sem inngangi í húsið hefur verið breytt og gert hefur verið við vegginn á sama/ svipuðum tíma. Ætla má að gólfög hafi farið



illa þegar húsinu var breytt því einungis gólfbletti var að finna undir og austanmegin við viðbótarvegg [1345] að austan. Eldstæði voru fjögur og móaska var í öllum gólfum. Þessi bygging skerðir aðra byggingu, [1430] til austurs, sjá yfirlitsmynd 42.

**Mynd 67:** Hér sést fyrra skeið byggingarinnar. Inngangur hellulagður.




**Mynd 68:** Hér til hliðar sést síðara skeið byggingarinnar. Búið er að færa inngang norðar á vesturvegg og loka eldra dyraopi. Eldstæði [1293] er þar sem áður var dyraop. Við suðurvegg voru hellur í gólfi og í kringum eldstæði [1322], hugsanlega einhverskonar vinnustæði. Í suðurvegg hefur brotin fisksleggja verið notuð í hleðsluna eins og sjá má hér til hægri, fisksleggjan er lituð svört.

### Hópur 1427:

Þessi bygging er endurgerð eldri byggingar [1518] og hún hefur verið skert við gerð [1303]. Nýr veggur hefur verið gerður austan megin og hún þannig þrengd. Stórt eldstæði [1428] er við suðurgafli hennar og hefur verið grafið niður fyrir því. Eldstæðið er opið til vesturs. Fyrir

aftan eldstæðið er opið rými upp að veggnum austan megin. Kannski hefur um einhverskonar hitastokk verið að ræða því meðfram austurveggnum var niðurgröftur fylltur meðalstórum, fremur rúnnuðum steinum. Síðar hefur eldstæðið verið fyllt með torfi og notað til að mynda nýjan vegg fyrir byggingu [1303].



**Mynd 69:** Aðeins eystri helmingur byggingarinnar var rannsakaður þar sem uppgräftarmörk liggja eftir henni endilangri frá norðri til suðurs.

### Hópur 1430:

Hús sem er mikið skert af öðrum byggingum. Bygging [1317] skerðir hana til austurs en norðurmörk byggingarinnar eru óljós. Hlaðinn veggur [1429] sem myndar suður og austur



hliðar byggingarinnar er sennilega viðgerð á eldri vegg [1435] og liggur í niðurgreftri [679]. Þegar eldri veggurinn hafði verið fjarlægður komu í ljós hellur[1436] í gólfi [1442] og upphaflegur veggur [1445] byggingarinnar. Það er því greinilegt að byggingin hefur gengið í gegnum umtalsverðar breytingar.

**Mynd 70 :** Hús 1430, horft til norðurs.

### Hópur 1456:

Bygging sem er illa skert að norðan- og vestanverðu af öðrum byggingum. Það sem eftir stendur af henni er eldstæði [1504] sem hefur verið skorið inn í vegg. Það stendur í suðurvegg herbergisins, og er niðurgroftur býsna djúpur. Þá hefur eldstæðið verið hlaðið grjóti að innanverðu og einnig í botni.



**Mynd 71:** Bygging 1456, horft til austurs.



Stærð eldstæðisins bendir til að það hafi hugsanlega verið notað við einhverskonar iðnað frekar en eldamennsku. Móösku var að finna í eldstæðinu og í gólfögum fyrir framan það.

**Mynd 72:** Eldstæðið, horft til suðurs



**Hópur 331:**

Mikill garður úr torfi. Niðurgröftur [517] var fyrir vegginn. Fjórir steinar [516] voru við ytri brún hans á austurhlið niðurgrافتar, en annar niðurgröftur lá fast austan við garðinn. Í honum upp við austurhlið garðsins var steinaröð. Veggurinn hélt áfram norðan við 20. aldar lagnaskurð. Garðurinn lá austan við allar byggingar og virðist þannig hafa afmarkað bæjarhúsin til austurs.



**Mynd 73:** Niðurgröftur fyrir torfgarð. Séð til norðurs. Gjóska úr Kötlu 1500 sést óhreyfð í botni.

**Hópur 1395:**

Þessi bygging liggur norður- suður og er ekki fullgrafin. Inn í hana hefur verið gengið að norðanverðu, en hugsanlega hefur verið fyllt upp í aðrar dyr á suðurgafli. Hellur voru í gólfum. Stoðar- og pinnaholur voru um miðja bygginguna og upp við eystri vegg. Þessi bygging er sennilega samtíða byggingu [1656], sjá yfirlitsmynd 44. Stoðarhola [1152] var norðan við dyrnar utanverðar. Þónokkur móaska var við eystri vegginn.



**Mynd 74:** Horft inn í byggingu [1395]. Hægra megin við hana má sjá í byggingu [1427] og fjær fyrir miðri mynd það sem eftir er af byggingu [1456]. Horft til suðurs.



## ***Tímabil 1226 til 1500***

Frá þessu tímabili eru byggingar af ýmsum stærðum og gerðum auk torfgarðs [758] sem virðist afmarka byggingasvæðið, sjá yfirlitsmynd 42. Ekki hafa orðið miklar breytingar á skipulagi svæðisins síðar, því að hér var að finna fyrstu mannvirkin sem mynda byggingaklasann upp við hið háa þrep sem hefur haldið sér allt til tuttugustu aldar. Lítið virðist um mannvirki austan við það, utan lítillar byggingar [758] sem hefur verið byggð upp að torfgarði [798]. Þá lítur út fyrir að bygging [1656] sem kom í ljós undan fjósi [435] hafi gegnt hlutverki búrs eða verið matvinnslusvæði, því að mikið af sáförum er á því svæði auk margra pinnahola.



**Mynd 75:** Horft til vesturs yfir rannsóknarsvæðið síðla hausts. Svæði 2b vinstra megin á mynd og 2a lengst til hægri.

## Hópum lýst

### Hópur 694:

Bygging sem hefur verið skert af annarri, [640]. Hún snýr í N-S. Byggingin samanstendur af gólflögum, jöfnunarlagi og niðurgreftri fyrir byggingunni. Hún er illa skert og það eru í raun aðeins gólflögin sem gefa til kynna að þarna sé um byggingu að ræða. Þessi gólf og jöfnunarlag lágu að niðurgreftri [719]. Suðurhlið byggingarinnar er algerlega skert af 20.aldar fjósinu. Þá virðist

sem norðurmörk

hennar hafi verið

skert af niðurgreftri

[308] eftir

grjóthleðslu sem búið

var að fjarlægja en þó

má sjá gólflög norðan

við hann sem ætla má

að tilheyri þessari


byggingu. Þá var hún

einnig skert af

niðurgreftri [174].



Vegna hinnar miklu skerðingar voru engar greinilegar leifar veggja að sjá.



**Mynd 76 að ofan:** Bygging [694], horft til suðausturs.

**Mynd 77 til hliðar:** Horft til austurs yfir [694].



### Hópur 829:

Hópur sem sýnir sennilega leifar byggingar. Um er að ræða einhverskonar jöfnunarlag og gólflög. Lögin virðast öll ganga upp að eða nærri vegg [335]. Hugsanlegur inngangur var að sunnanverðu


þar sem steinar virtust afmarka gólflög þar. Öll lögin voru skert af lagnaskurði til norðurs.



Mynd 78: Bygging [829] horft til norðausturs.

### Hópur 758:

Í þessum hópi er bygging sem er illa skert til suðurs af síðari tíma fjósi. Hún samanstendur af torfvegg [810] sem myndar norður- og vesturhliðar. Þá virðist sem eldri torfgarður [798] hafi verið notaður til að mynda austurhlið. Tvö gólflög voru í byggingunni, [764] og [766] og í því síðarnefnda var mikið af lífrænum leifum.



Mynd 79: Bygging [758].

### Hópur 799:

Niðurgröftur sem hefur sennilega komið til þegar steinar voru teknir úr torfgarði [798]. Niðurgröfturinn var svo sjálfur skertur af húsgrunnaskurði [174]. Austurhlið torfgarðs [798] var án steina og rennir það stoðum undir það hugmynd að þeir séu tilkomnir við að steinar voru fjarlægðir úr garðinum til notkunar annarsstaðar. Sjá yfirlitsmynd 42.

### Hópur [798]

Þessi eldri veggur hefur verið hlaðinn áður en gjóskulag, svonefnt Miðaldalag frá 1226 féll. Veggur [810] er hins vegar byggður eftir að Miðaldalagið féll og áður en gjóska frá Kötlu~1500




féll sem er vísbending um byggt hafi verið upp að torfgarðinum [798]. Búið var að fjarlægja allt grjót sem hefur verið í veggnum utan nokkurra sem veggur [810] hefur verið hlaðinn upp að.

**Mynd 80:** Torfgarður með landnámsgjósku. Miðaldalagið gengur upp að honum. Hægra megin við garðinn sést í byggingu [758] sem hefur verið byggð upp að honum, en niðurgröft [799] vinstra megin. Horft til suðurs.



## Hópur 1656:



Bygging sem virðist tengjast annarri [1395] til suðurs. Hluti hennar er utan uppgraftermarka til vesturs. Þessi bygging virðist allt annars eðlis en aðrar á svæðinu, gólfir eru mikið skorin fyrir sáförum og stoðarholum, og pinnaholur í tugatali liggja eftir norður- og suðurhliðum hennar, sjá yfirlitsmynd 42. Torfveggur [722] afmarkar bygginguna til norðurs og að hluta til austurs, en annars liggur byggingin í dálítilli lægð. Hvort grafið hefur verið niður fyrir henni er ekki ljóst, enda er byggingin ekki fullrannsókuð. Að sunnan afmarkast hún af byggingum [1518] og [1395] og veggjum sem tilheyra þeim.

**Mynd 81 efst á síðu:** Bygging [1656].

**Mynd 82 til hliðar:** Sáfar [1117]. Í farinu mátti sjá leifar af tágum sem fóðruðu niðurgröftinn.




## Fundur - Eftir Guðrúnu Öldu Gísladóttur

Við þann áfanga rannsóknarinnar sem hófst í júlí 2007 og stóð yfir fram í nóvember sama ár fundust allmargir og fjölbreyttir gripir. Úrvinnsla þeirra stendur enn yfir og mun eftirfarandi umfjöllun einungis gefa smjörþefinn af lokaniðurstöðu sem fæst þegar greiningar sérfræðinga um hina ýmsu flokka liggur fyrir s.s. um leirker, viðartegundir og steinategundir. Þá mun einnig liggja til grundvallar nánari greining á þeim gripum sem sendir eru í forvörslu en viðkvæmir gripir eru sendir til sérfræðinga sem sjá um að hreinsa þá og verja. Einnig munu verða teknar röntgenmyndir af járngripum því margir þeirra eru illa farnir og búnir að missa sitt upprunalega lag og þá stundum einungis hægt að sjá hver hluturinn er með röntgenmyndatöku.

Varðveisla gripa á staðnum er mismunandi eftir lögum og líklega staðsetningu á rannsóknarsvæðinu en það mun verða skoðað nánar á síðari stigum. Járn og annar málmur er yfirleitt mjög ryðgað og bein eru fúin. Nokkuð hefur fundist af leðri og textíl, bæði ofnum og prjónuðum og er sömu sögu að segja um þau efni og málms og bein, varðveisla er mjög mismunandi.

Allir gripir voru skráðir í gagnagrunn Leirvogstungurannsóknarinnar og Þjóðminjasafn Íslands sér um forvörslu gripanna.

Tæplega 1800 gripir fundust við þennan hluta rannsóknarinnar. Á skífunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu efnisflokka rannsóknarinnar, sleppt var 1 tjörupappa og 1 plasti, en þeir flokkar eru 0% af heildinni.



### ***Leir og gler***

Langstærstu efnisflokkarnir eru leir og gler eða rúmlega 60% af öllum fundum gripum. Flestir þessara gripa eru frá yngstu tíð, ca. 18. – 20. öld en safnið býður frekari greiningar og m.a. athugunar á því af hversu mörgum gripum brotin gætu verið.

Leir, eða um 35% allra gripanna. Tegundir innan hans eru mjög fjölbreyttar: Skálar, bollar, diskar af ýmsum stærðum og gerðum, smyrslabaukar auk tóbakspípa úr leir, svo eitthvað sé nefnt.



*Mynd84. Smyrslabaukur  
I.VT07-446*




Mynd 85. Tv. hornmálaður diskur LVT07 255 og til hægri krítarpípu haust LVT07 447

Næst flestir eru gripir úr gleri, eða 26%. Aðallega samanstendur flokkurinn af rúðugleri og flöskubrotum en einnig eru innan um brot af ýmsiskonar ílátum, oft skreyttum auk tveggja perlna.

## Járn

Járn er um 20% af heildarfjölda gripanna. Varðveisla járn er fremur léleg á staðnum og margir gripirnir mjög ryðbrunnir. Tegundir innan þessa flokks eru mjög fjölbreyttar. Langstærsti hlutinn eru naglar, bæði sem búnir voru til á vélaöld og svo eldri tegundir. Einnig eru nokkrir hnoðnaglar, ýmislegt sem við kemur byggingum s.s. hurðarjárn og hespur og festingar af ýmsu tagi. Þá eru til staðar margar stærðir og gerðir af tunnugjörðum og keðjum, 12 skeifur og par af ístöðum, ýmsar gerðir af hnífum t.d. vasahnífur og eldhúshnífum, pottbrot, lyklar og ýmis áhöld, t.d. skaröxi.





Mynd 86.: Efri mynd er af ístöðum LVT07 753 og neðri af skaröxi LVT07-777

## **Annar málmur**

Annar málmur en járn er mun fyrirferðarminni, gripir úr koparblöndu eru um 4% en úr öðrum málmum s.s. tini og blýi er innan við 1%. Gripir úr koparblöndu er margir hverjir ýmiskonar smábrot sem erfitt mun reynast að greina til upprunalegs hlutar en einnig eru smáklæðningar og kantar af ýmsum toga. Einnig fundust nokkar þynnur með hnoðuðum nöglum, hugsanlega bætur af matarkötlum (pottum til að elda í). Um þriðjungur gripanna eru fatahnappar, alls 23 talsins, sumir hverjir skreyttir en flestir einfaldir; flatir og skífulaga. Úr öðrum málmum má nefna peninga tvo, annar úr tíð Kristjáns IX Danakonungs sem ríkti 1863-1906, en hinn þarfnast hreinsunar áður en hægt verður að greina hann. Einnig fundust matarskeiðar úr tini og rafhlaða, líklega útvarpsrafhlaða frá 20. öld.



Mynd 87. Hnappar: 1 röð til vinstri LVT07-145; 1 röð miðja LVT07-146; 1. röð til hægri LVT07-171; 2. röð til vinstri LVT07-173; 2. röð miðja LVT07-167; 2. röð til hægri LVT07-516; 3. röð til vinstri LVT 07-517; 3. röð miðja LVT 07148; 3. röð til hægri LVT07-646.



Mynd 88. Matskeiðar úr tini, til vinstri LVT07-292) og til hægri LVT07-635

## **Steinn**

Gripir úr steini eru um 7% heildarinnar. Brýni eru langflest flest, eða um 40% af heilarfjölda steingripa. Nær öll brýnin eru flögubergi – skífur - og líklegast úr Eidsborg námunum Þelamörk í Noregi, aðeins tvö gætu verið af annari flögubergstegund sem er mun fíngerðari og slær á fjólubláum bjarma. Langflest brýnin eru mikið eydd og brotin en í safninu er fallegt lítið brýni, nálabrýni, með gati fyrir þveng. Einnig eru í safninu nokkrir innlendir steinar sem virðast hafa verið notaðir sem brýni og er það spennandi rannsóknarefni. Annar stór flokkur eru sleggjur af ýmsum stærðum og gerðum. Þær eru allar unnar úr íslenskum steini, tilhöggvar og gegnumboraðar. Flestar eru sjálfsagt fiskisleggjur en einnig eru mun stærri sleggjur innan um. Þær eru allar brotnar til hálfis og hafa farið sundur um gatið. Talsvert er af steinum með gati, flest virðast gerð af náttúrunnar hendi. Lóðsteinar með gati hafa gátu verið til margra hluta nýtsamlegir t.d. sem kljásteinar í vefstað, draglóð á hurðir eða vaðsteinar, svo eitthvað sé nefnt. Tvær steinkolur eru í safninu, önnur er unnin úr óreglulega hnöttóttum steini með vellagaða skála klappaða í miðjuna en hliðar og botn einnig klappaðar til. Gróf er klöppuð fyrir kveikinn á einum stað. Hin er úr mjúkum sandsteini og er svo til dropalaga með skál klappaða í breiðari hlutann og með handfangi, nú að hluta til brotið. Þrátt fyrir að vera báðar nokkuð grófgerðar eru þær fallegar í einfaldleika sínum. Þrjú örugg kvarnarsteinabrot úr hraungrýti fundust við rannsóknina, og eru tvö þeirra talin efri hluti kvarnar með einföldu skreyti, högginn hefur verið grunn gróf meðfram kvarnarbrúninni. Einn heill egglega vaðsteinn með höggnum grófum fyrir reipi fannst, falleg smíði. Talsvert er af ýmskonar aðfluttum steinmolum eins og jaspís og kvartsi auk fleiri tegunda sem bíða greiningar.



Mynd 89. 1.röð til vinstri kola LVT07-485; 1. röð til hægri brýni með gati LVT07-565); 2. röð til vinstri sleggja LVT07-812; 2.röð til hægri sleggja LVT07-422; 3. röð til vinstri sleggjur LVT07-422 og 812; 3. röð til hægri vaðsteinn LVT07-817



## **Lífræn efni**

### **Textíll, viður og leður**

Bæði ofin og þrjónuð efni fundust við rannsóknina, bæði hand – og vélgerð. Einnig fannst fallegt fléttað reipi úr hrosshári. Viðarleifarnar eru frá byggingum sem og ílátum - og leðrið aðallega hlutar af ólum, líklega af reiðtygjum. Textíllinn, viðurinn og leðrið bíður allt frekar greiningar.

Varðveisla beina er fremur slæm á rannsóknarsvæðinu en alls fundust tæplega 11 kg af matarafgöngum þ.e.a.s. dýrabein og rúmlega hálft kg af járngalli frá járnvinnslu.

Meginhluti gripasafnsins er frekar látlaust og virðist fremur endurspegla útihús, skemmu eða viðlíka hús en íverubústað. Þó er það svo að fjöldi leir - og glergripa er mjög fyrirferðamikill í safninu og fyrir utan rúðuglerið má segja að það sé langmestur hluti sé húsbúnaður. Einu persónulegu gripirnir ef kalla mætti svo eru hnappar og fjöldi þeirra vekur upp ýmsar spurningar t.d. hvort verið sé að steypa þá á staðnum - og það verður athyglisvert að athuga hvaðan af rannsóknarsvæðinu þeir koma. Aðrir flokkar gripa s.s.brýni, sleggjur, skeifur, ólar af reiðtygjum, tunnugjarðir, reipi, vaðsteinar og lóð benda til utanhúss athafna og starfsemi t.d. geymlurýmis eins og áður er nefnt.

Greining gripasafnsins í Leirvogstungu á eftir að varpa frekara ljósi á athafnasvæði innan rannsóknarsvæðisins og e.t.v. gefa vísbendingar um starfsemi innan ákveðinna bygginga. Gripirnir munu nýtast við að aldursgreina minjarnar sem og að endurspegla efnismenningu, efnahag og starfsemi staðarins.



Horft út yfir Leirvoginn á fallegum degi.

## Samantekt- Lilja Björk Pálsdóttir

Þær byggingar sem rannsakaðar voru á tímabilinu júlí til nóvember 2007 urðu alls um þrjátíu og tvær, þar af voru fimm á svæði 2b en tuttugu og sjö á svæði 2a. Eru þá ekki talin með mannvirki sem einungis lítill hluti var eftir af og virtust ekki tengjast neinum góflögum eða öðrum byggingum. Byggingarnar þrjátíu og tvær voru flestar skertar af síðari tíma umsvifum svo sem 20. aldar lagnaskurðum, en ekki síst vegna umsvifa sem fylgja búrekstri og viðhaldi mannvirkja. Svo virðist sem oft hafi verið grafið niður fyrir þeim að einhverju leyti og er það væntanlega vegna hallans á landinu. Byggingarnar voru allar úr torfi og grjóti og var grjótið yfirleitt óunnið, en þó mátti sjá unnið grjót, sérstaklega í yngstu byggingunum. Hugsanlegt er að timburgafl hafi verið á fjósi [435] þar sem engin merki var að finna um vegg á vesturhlið þess. Byggingarnar virðast flestar snúa til vesturs, þó svo sumar þeirra hafi tengst innbyrðis með göngum sem ýmist voru til norðurs eða suðurs. Þá er sem byggingarnar hafi ýmist verið skepnuhús sbr. fjósið, skemmur og verkstæði eða matvinnslusvæði. Þó voru nokkrar byggingar sem voru einfaldlega of illa skertar til að nokkuð væri hægt að segja um hlutverk þeirra. Í það minnsta reyndist ekkert þeirra íveruhús. Má því ætla að íveruhúsin séu vestur af svæði 2a og falli því utan rannsóknarsvæðis. Gripir voru eins og búast má við af

minjaflokkum sem þessum; brýni, fisksleggjur, hnífar og skeifur svo eitthvað sé talið, þ.e. áhöld til daglegra verka. Þónokkrir persónulegir munir fundust og má þar til dæmis nefna hnappa. Leiðarlögin tvö sem stuðst var við (Katla~1500 og Miðaldalagið 1226) auðvelduðu alla túlkun á byggingunum og tengslum þeirra við hverja aðra. Öll nánari tímaskipting mun fara fram síðar við gerð lokaskýrslu.

### ***Framtíðarmöguleikar:***

Rannsókn á bæjarhól sem þessum er afar mikilvæg vegna þeirra upplýsinga sem við fáum um daglegt líf þeirra sem á staðnum hafa búið. Það sem gerir uppgröftinn á bæjarhólnum í Leirvogstungu einkar áhugaverðan er að hér er um að ræða meðalstóran bæ en afar lítið hefur verið rannsakað af þeim til þessa. Tilhneiging hefur þvert á móti verið til að rannsaka stærri bæi, stórbýli eins og biskups- og höfðingssetur en einnig hefur nokkuð verið rannsakað af kotbýlum.

Þær upplýsingar sem þegar hafa komið fram um aðstæður og kjör íbúa Leirvogstungu með þessum uppgrefti munu nýtast um ókomna tíð sem samanburðarefni, því að gögnin sem fást við uppgröft margfaldast að upplýsingagildi þegar þau eru notuð við samanburðarrannsóknir. Þannig nýtist þessi uppgröftur ekki einungis sem vitnisburður um kjör og efnismenningu á þessum stað einum, heldur einnig hvar hann fellur inn í menningarlandslag umhverfisins þ.e. næstu bæja, sveitarinnar og í stærra samhengi, landsins alls. Nú þegar er orðið ljóst að byggð hefur verið í Leirvogstungu fljótlega frá landnámi, því að víða á rannsóknarsvæðinu sést í torfhrun með landnámsgjóskunni í sem féll um 870. Farið verður í að kanna þær minjar meðal annarra í vor er uppgrefti í vegstæði heldur áfram. Áhugavert væri að bera saman minjar Leirvogstungu við þær sem þegar er búið að grafa upp í sömu sveit, eða á Hrísrú þar sem skáli frá landnámsöld hefur komið í ljós. Með því að skoða saman þessa tvo bæi í sömu sveit fengist mun betri mynd af því samfélagi og þar af leiðandi menningarheimi sem íbúar hvors staðar fyrir sig bjuggu í. Heimildir eru um að skip hafi siglt upp að Skiphól í Leirvoginum og því vaknar sú spurning hvort íbúar Leirvogstungu hafi notið góðs af staðsetningu við Leirvoginn eða hafði Hrísrú hugsanlega meiri ítök?

Þegar lokið verður við að grafa upp minjar í vegstæðinu niður í óhreyfðan, náttúrulegan jarðveg verður búið að rannsaka mikinn hluta bæjarhólsins. Eftir mun standa ein lóð þar sem mestu fornleifanna er samt að vænta, eða vestur af svæði 2a. Þar er, eins og áður hefur verið

getið, búist við að íveruhúsin sé að finna. Væri mikill fengur í að rannsaka þau einnig og fá þannig heilsteypta mynd af bæjarhólnum.

Staðsetning Leirvogstungu býður upp á mikla möguleika á fræðslu og kynningu samhliða rannsókn. Leirvogstunga er aðeins í um tuttugu mínútna fjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur og gefur það möguleika á að nota rannsóknina í kennslu. Heimsókn á rannsóknarstað þar sem tekið væri á móti hópum nemenda og þeir fræddir um minjarnar, sögu og fleira væri hugsanlega hægt að flétta saman við efni sem notað er í skólunum um sögu Íslands og menningu þjóðarinnar.



Nemendur í fornleifafræði við Háskóla Íslands í vettvangsferð í Leirvogstungu haustið 2007



## HEIMILDIR

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2006). *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. (FS321-06231)*

Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.(Framvinduskýrsla) (FS333-06351)*

Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.(Framvinduskýrsla II.) (FS350-06352)*



